

LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS
LÍFEYRISSJÓÐUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Ársskýrsla





Starfsemi LSR og LH

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í fimm deildum, A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og séreignardeild. Deildirnar lúta sömu stjórn en eru fjárhagslega sjálfstæðar.

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 er sameiginlegt rekstrarfélag LSR og LH og voru starfsmenn þess 31 í árslok 2002. Stöðugildi hjá sjóðunum voru 30,2 á síðasta ári og fjölgaði um tæplega eitt stöðugildi á milli ára.

Starfsemi Lífeyrissjóða Bankastræti 7 má skipta í sjö meginþætti; eignastýringu, iðgjaldadeild, lífeyrisdeild ásamt framkvæmd eftirmannsreglu, lánadeild, séreignar og kynningarmál, fjárreiðudeild og yfirstjórn.

Nafn

(Aftasta röð frá vinstri)

Sigrún Bragadóttir
Páll Ólafsson
Róbert Aron Róbertsson
Leifur Magnússon
Esther Sigurðardóttir
Þorkell Sigurgeirsson
Svanhvít Rósa Þráinsdóttir
Haukur Hafsteinsson
Albert Jónsson
Barði Þórhallsson

Deild/svið

Eignastýring
Eftirmannsregludeild, deildarstjóri
Eignastýring
Forstöðumaður upplýsingatækni
Eftirmannsregludeild
Skrifstofu- og fjármálastjóri
Fjárreiðudeild
Framkvæmdastjóri
Forstöðumaður eignastýringar
Lögfræðingur

(Mið röð frá vinstri)

Ágústa Hrönn Gísladóttir
Regína Bettý Hansdóttir
Þórunn Berndsen
Helga Guðmundsdóttir
Erla Hannesdóttir
Þorbjörg Guðnadóttir
Jóhanna Á. Einarsdóttir
Ásta Sigrún Karlsdóttir
Málfríður Ögmundsdóttir
S. Valdís Jóhannesdóttir
Ingibjörg Thorarensen
Þórey Þórðardóttir
Arnfríður Einarsdóttir

Séreign og kynningarmál, deildarstjóri
Iðgjaldadeild
Mötuneyti
Lífeyrisdeild, deildarstjóri
Sínavarsla og móttaka
Lánadeild og bakvinnsla, deildarstjóri
Iðgjaldadeild
Lánadeild og bakvinnsla
Lánadeild
Fjárreiðudeild
Iðgjaldadeild
Forstöðumaður réttindamála
Iðgjaldadeild, deildarstjóri

(Fremsta röð frá vinstri)


Erna Guðmundsdóttir
Vigdís Hauksdóttir
Þóra Björg Þorsteinsdóttir
Kristín Nielsen
Kristín M. Kristjánsdóttir
Anna S. Gunnarsdóttir
Ólóf Sigurjónsdóttir

Lánadeild (í barnseignarfrí)
Lánadeild
Iðgjaldadeild
Lífeyrisdeild
Iðgjaldadeild
Fjárreiðudeild
Iðgjaldadeild

(Á myndina vantar)

Önnu G. Jóhannsdóttur
G. Vigdís Guðnadóttur
Gísli Sigurkarlsson

Iðgjaldadeild
Lánadeild
Lögfræðingur



Ný tölvukerfi

LSR og LH gerðu á árinu 2002 samning við hugbúnaðarfyritækið Fugla ehf. og Íslandsbanka hf. um þróun og innleiðingu á tölvukerfinu Kríu sem er iðgjalda- og lífeyrisgreiðslukerfi. Kerfið var upphaflega smíðað fyrir lífeyrissjóði sem Íslandsbanki er með í rekstri, bæði séreignarsjóði og samtryggingarsjóði. Kerfið hefur verið í notkun hjá Íslandsbanka hf. frá árinu 1997. Áætlanir gera ráð fyrir að kerfið verði aðlagð að þörfum LSR og LH og tekið upp í áföngum næstu tvö ár. Viðbætur við kerfið munu að miklu leyti snúa að réttindakerfi B-deildar LSR og LH. Ávinningur af innleiðingu þessa nýja kerfis felst meðal annars í aukinni sjálfvirkni og betra aðgengi að upplýsingum sem mun koma bæði starfsfólki og sjóðfélögum til góða í framtíðinni. Í tengslum við innleiðinguna munu verða gerðar tengingar við heimasíðu sjóðanna, www.lsr.is, sem gera sjóðfélögum kleift að fylgjast með réttindum sínum og iðgjaldaskilum launagreiðenda. Jafnframt munu launagreiðendur hafa aðgang að greiðslustöðu sinni og öðrum tengdum upplýsingum.

Þá hefur einnig verið gerður samningur við Íslandsbanka hf. um rekstrarleigu á eignastýringarkerfi bankans sem mun leysa af hólmi núverandi skuldabréfakerfi LSR og LH. Í kerfinu eru framkvæmd öll kaup og sala verðbréfa auk þess sem kerfið heldur utan um verðbréfaeign

sjóðanna. Úr kerfinu er jafnframt hægt að vinna greiningarupplýsingar sem munu nýttast eignastýringarsviði sjóðanna við ákvarðanir um fjárfestingar og stýringu eigna. Kerfið er nú þegar komið í notkun að hluta til og er áætlað að innleiðingu þess verði lokið innan árs.

www.lsr.is

Ný og endurbætt heimasíða sjóðanna hefur verið opnuð á slóðinni www.lsr.is. Hinu nýja vefsvæði er ætlað að vera gagnvirkara, skýrara í framsetningu á upplýsingum og meira lifandi en fyrri heimasíða sjóðanna.

Á vefsíðu LSR og LH geta sjóðfélagar og launagreiðendur nálgast lög og samþykktir sjóðanna og fengið upplýsingar um útreikning á lífeyri og iðgjaldi. Reglulega verða birtar fréttir um það sem efst er á baugi í starfsemi sjóðanna eða í lífeyrismálum almennt. Á síðunni eru ýmsar reiknivélar þar sem hver og einn getur, miðað við eigin forsendur, áætlað útgreiðslu vegna séreignarsparnaðar, lífeyris úr A-deild eða greiðslubyrði lána.

Þá er að finna á vefsíðunni upplýsingar um Séreign LSR og er hægt að prenta út umsóknareyðublöð og velja um fjárfestingarleiðir. Upplýsingar um lánareglur og umsóknareyðublöð vegna lána og veðflutnings er einnig að finna á vefnum.

Stjórn LSR



Eiríkur Jónsson

Birna Lárusdóttir



Gunnar Björnsson

Marianna Jónasdóttir



Páll Halldórsson

Sigrún V. Ásgeirsdóttir



Trausti Hermannsson

Ögmundur Jónasson



Stjórn LSR er skipuð átta mönnum. Fjármála-ráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin tuttugu sinnum

saman til fundar á liðnu ári og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 727 stjórnarfundir. Stjórnin er kjörin til þriggja ára í senn og fer hún með yfirstjórn sjóðsins. Á árinu 2002 var Marianna Jónasdóttir formaður stjórnar sjóðsins, en í ársbyrjun 2003 tók Eiríkur Jónsson við formennskunni.

Ávarp stjórnarformanns LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í fimm deildum, A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og séreignardeild. Deildirnar eru með sömu stjórn og sameiginlegt starfsmannahald. Þær eru fjárhagslega sjálfstæðar og mismunandi reglur gilda um hverja þeirra. Saman mynda þær hins vegar sterka heild sem stendur traustan vörð um réttindi sjóðfélaga.

Það er meginhlutverk LSR að taka við iðgjöldum, ávaxta þau og greiða sjóðfélögum eftirlaun til æviloka ásamt því að koma til móts við þá og fjölskyldur þeirra vegna tekjutaps af völdum skertrar starfsgetu eða andláts. Skýrsla þessi ber vott um umfangsmikla starfsemi sjóðsins.

Um síðustu áramót voru samanlagðar eignir allra deilda LSR rúmlega 116 milljarðar króna. Hér er miðað við eignir í vörslu sjóðsins án krafna á launagreiðendur um greiðslu á hluta af skuldbindingum í framtíðinni. Eignir LSR hafa aukist mikið á undanförunum árum. Mikil eignaaukning stafar aðallega af innborgunum ríkissjóðs og einstakra launagreiðenda inn á skuldbindingar sínar og af uppgjöri einstakra launagreiðenda á skuldbindingum. Þá hafa

samanlagðar eignir aukist mikið með tilkomu A-deildar sjóðsins þar sem iðgjaldaprósentan er hærri en hjá B-deild og iðgjöld eru greidd af öllum launum.

Á undanförunum árum hefur ríkissjóður greitt verulegar fjárhæðir inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR umfram lagaskyldu. Innborganir ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagslega stöðu deildarinnar og gera henni betur kleift að mæta skuldbindingum vegna sjóðfélaga með eignum sínum. Markmið ríkissjóðs með þessu er að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum við sjóðinn til langs tíma. Í stað þess að safna upp skuldbindingum og bíða með greiðslu þeirra þar til þær falla með fullum þunga á ríkissjóð, er hafist handa við að safna í sjóð til að mæta framtíðarskuldbindingum.

Mikilvægi aukinna innborgana ríkisins verður ekki hvað síst ljóst þegar horft er á mikla aukningu lífeyrisskuldbindinga á síðustu árum í kjölfar breyttra kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samkvæmt útreikningi tryggingafræðings sjóðsins var áfallin skuldbinding B-deildar LSR 286,4 milljarðar kr. um síðustu áramót. Samanlögð áfallin skuldbinding B-deildar, A-deildar, alþingis-

mannadeildar og ráðherradeildar er metin vera 313,1 milljarður kr.

Miklar lækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum setja svip sinn á ávöxtun lífeyrissjóðsins á síðasta ári. Þá hafði mikil styrking íslensku krónunnar neikvæð áhrif á ávöxtunina, en þegar krónan styrkist gagnvart erlendum gjaldmiðlum lækkar verðgildi erlendra hlutabréfa sjóðsins í krónum talið. Vegið meðaltal nafnávöxtunar hjá öllum deildum LSR var 0,7% á árinu 2002, sem svarar til að hrein raunávöxtun hafi verið neikvæð um 1,4%.

Við mótun fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn er leitast við að ná sem bestri ávöxtun til lengri tíma litið með sem minnstri áhættu. Í hvívetna hefur varfærni verið höfð að leiðarljósi. Stærstur hluti eigna sjóðsins eða 74,3% er í traustum innlendum skuldabréfum, einkum fasteignatryggðum sjóðfélagalánum og ríkistryggðum skuldabréfum.

Þrátt fyrir lækkun á erlendum hlutabréfum lífeyrissjóðsins á síðasta ári má ætla að þau skili góðri ávöxtun til lengri tíma litið. Með því að blanda saman skuldabréfum og hlutabréfum í eignasafni sjóðsins er stefnt að góðri langtímaávöxtun, þó svo að með vaxandi hlutfalli hlutabréfa verði vart meiri sveiflna í ávöxtun milli ára. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að lækkun á verðgildi erlendra hlutabréfa á síðasta ári er lækkun en ekki tap. LSR þarf ekki að selja þessi bréf og færa eignina heim til Íslands fyrr en eftir mörg ár eða áratugi. Sjóðurinn hefur því alla möguleika á að selja bréfin þegar betur árar á erlendum fjármálamörkuðum.

Mikil aukning hefur orðið í lánveitingum til sjóðfélaga á undanförunum árum, en heldur dró þó úr þeim á síðasta ári. Á árinu 2002 ráðstafaði sjóðurinn 4,0 milljörðum kr. í slík lán. Þessi lán hafa á margan hátt verið hagstæð fyrir sjóðfélaga. Á sama tíma hafa þau verið traustur fjárfestingarkostur sem gefið hefur góða ávöxtun.

Á síðasta ári greiddu allar deildir LSR samtals 9,1 milljarð króna í lífeyri. Stærstur hluti þeirrar fjárhæðar eða 8,8 milljarðar króna voru úr B-deildinni. Hjá B-deild LSR fara breytingar á lífeyrisgreiðslum eftir tveimur mismunandi reglum, eftirmannsreglu, þar sem lífeyrisgreiðslur breytast í takt við breytingar sem verða á hverjum tíma fyrir starf það er sjóðfélagi gegndi, eða meðaltalsreglu, þar sem lífeyrisgreiðslur breytast til samræmis við meðalbreytingar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Um síðustu áramót

fengu 54% lífeyrisþega hjá B-deild greiðslur samkvæmt eftirmannsreglu en 46% samkvæmt meðaltalsreglu.

Séreignardeild LSR hélt áfram að stækka á árinu og voru heildareignir hennar 1.463 milljónir kr. í árslok en voru 955 milljónir kr. árið áður. Til að koma til móts við mismunandi óskir sjóðfélaga hefur frá miðju síðasta ári verið boðið upp á þrjár mismunandi fjárfestingarleiðir hjá séreignardeildinni. Sjóðfélagar geta þá sjálfir valið milli fjárfestingarleiða þar sem hlutfall milli hlutabréfa og skuldabréfa er mismunandi, eða að setja inneignina á verðtryggðan innlánsreikning. Í leið I var eignasamsetning þannig um síðustu áramót að skuldabréf voru 60% af heildareignum, en innlend og erlend hlutabréf 40%. Raunávöxtun þessarar leiðar var neikvæð um 10,3% á síðasta ári. Í leið II er fjárfestingarstefnan þannig að 85% eigna er í skuldabréfum en 15% í hlutabréfum. Þar var raunávöxtunin 8,2% á síðasta ári. Samkvæmt þriðju leiðinni er öll inneign sjóðfélaga sett á verðtryggðan innlánsreikning. Þessi leið skilaði sjóðfélögum 6,7% raunávöxtun á síðasta ári.

Við stofnun séreignardeildar LSR í ársbyrjun 1999 var rekstur hennar boðinn út meðal banka og verðbréfafyrirtækja sem voru með rekstur séreignarsjóðs á sínum snærum. Í kjölfar slíks útboðs var samið við Kaupþing um umsjón og rekstur deildarinnar. Á síðasta ári ákvað stjórn LSR að sjóðurinn mundi yfirtaka rekstur deildarinnar og að honum yrði að fullu sinnt frá skrifstofu sjóðsins ásamt rekstri annarra deilda hans. Ákvörðun þessi var meðal annars tekin í kjölfar breytinga á tölvukerfum sjóðsins og í ljósi þess að þeim starfsmönnum sem vinna við verðbréfavíðskipti fyrir sjóðinn hefur verið fjölgað.

Árið 2002 var sjötta starfsár A-deildar sjóðsins. Eignir deildarinnar voru 24,4 milljarðar króna um síðustu áramót. Samkvæmt lögum um A-deildina er iðgjald launagreiðenda breytilegt og ræðst af stöðu deildarinnar á hverjum tíma. Iðgjald sjóðfélaga er 4% af heildarlaunum og mótframlag launagreiðanda er 11,5% af sömu launum. Niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar gefa ekki tilefni til að breyta þessum hlutföllum.

Fyrir hönd stjórnar LSR þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum samstarfið á árinu.

Eiríkur Jónsson
stjórnarformaður

Stjórn LH

Marianna Jónasdóttir



Jóhannes Pálmason



Herdís Sveinsdóttir



Ásta Möller

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga er skipuð fjórum mönnum. Fjármálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Alls kom stjórnin tólf sinnum saman til fundar á liðnu ári og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir

211 stjórnarfundir. Stjórnin er kjörin til þriggja ára í senn og fer hún með yfirstjórn sjóðsins. Á árinu 2002 var Herdís Sveinsdóttir formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2003 tók Marianna Jónasdóttir við formennskunni.

Ávarp stjórnarformanns LH

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga hóf starfsemi á árinu 1944 og eins og nafn hans gefur til kynna hefur aðild að honum einskorðast við þá sem sinna hjúkrunarstörfum. Í ársbyrjun 1997, með tilkomu nýrra laga um LH, var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Í því felst að nýráðnir hjúkrunarfræðingar, sem ella hefðu greitt í LH, greiða nú í A-deild LSR. LH starfar þó áfram og tekur við iðgjöldum frá þeim sem kusu að vera áfram í sjóðnum. Þó svo LH hafi verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum er hann öflugur lífeyrissjóður með fjölda virkra og óvirkra félaga, miklar eignir og traust réttindakerfi.

Frá ársbyrjun 1997 til loka síðasta árs hafa eignir í vörslu sjóðsins aukist úr 3,9 milljörðum kr. í 10,5 milljarða kr. eða um 6,6 milljarða kr. Meginhluti þeirrar aukningar, eða 4,5 milljarðar kr., stafar af verulegum greiðslum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við lífeyrissjóðinn umfram lagaskyldu. Markmiðið er að styrkja fjárhagsstöðu LH til framtíðar, jafnframt því að jafna greiðslustreymi ríkisins til sjóðsins. Í stað þess að bíða þar til á greiðslu skuldbindinga reyni í framtíðinni hefur ríkissjóður hafist handa við að byggja upp sjóð til að mæta þeim.

Skuldbindingar LH hafa að sama skapi aukist mikið á síðustu árum, einkum vegna áhrifa breyttra kjarasamninga þar sem vægi dagvinnulauna í heildarlaunum hefur verið aukið. Lífeyrisréttindi hjá sjóðnum miðast við dagvinnulaun sjóðfélaga og þegar dagvinnulaunin hækka, hækka skuldbindingarnar. Í árslok 2002 voru áfallnar skuldbindingar LH tæplega 30 milljarðar kr.

Í árslok 2002 var fjöldi sjóðfélaga sem ekki voru komnir á lífeyri samtals 2.654, þar af voru 816 virkir sjóðfélagar. Á árinu 2002 fengu 482 lífeyrisþegar greiddar samtals 574 milljónir króna úr sjóðnum. Lífeyrisþegum fjölgaði um 4,3% á árinu og lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 18,3%. Meðalaldur sjóðfélaga er 50 ár og eru lífeyrisþegar þá taldir með.

Nafnávöxtun eigna LH var neikvæð um 0,4% á árinu, sem svarar til að hrein raunávöxtun hafi verið neikvæð um 2,5%. Skýring þessarar neikvæðu þróunar er mikil lækkun á erlendri hlutabréfaeign sjóðsins á síðasta ári, eða um 36% reiknað í íslenskum krónum. Á sama tíma var raunávöxtun innlendra skuldabréfa hjá sjóðnum 6,2% og 15,5% af innlendum hlutabréfum.

Við mótun fjárfestingarstefnu fyrir LH hefur verið leitast við að lágmarka áhættu samhliða því að ná góðri ávöxtun þegar til lengri tíma er litið. Um síðustu áramót voru tæp 70% af eignum LH í innlendum skuldabréfum, einkum fasteignatryggðum lánum til sjóðfélaga og skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs. Hlutfall innlendra og erlendra hlutabréfa var um 30% sem skiptist nokkurn veginn jafnt milli þessara flokka. Með blönduðu verðbréfasafni skuldabréfa og hlutabréfa er stefnt að góðri ávöxtun yfir langt árabíll, en ljóst er að með auknu hlutfalli hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins verða sveiflur í ávöxtun milli einstakra ára meiri. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og við mat á ávöxtun þeirra er eðlilegt að skoða þróunina yfir nokkurra ára tímabil fremur en ávöxtun eins árs. Sé horft til síðustu tíu ára hefur raunávöxtun sjóðsins verið 4,3% að meðaltali á ári samanborið við 2,5% fyrir síðastliðin fimm ár.

Mikið samstarf hefur alla tíð verið með LH og LSR. Sjóðirnir eru með sameiginlega skrifstofu og starfsmannahald er sameiginlegt. Ársskýrsla fyrir árið 2002 er gefin út sameiginlega fyrir báða sjóðina eins og þrjú undanfarin ár, enda hjúkrunarfræðingar ýmist í LH eða A-deild LSR og launagreiðendur í mörgum tilfellum þeir sömu. Samstarfið hefur þannig reynst báðum hagkvæmt á ýmsum sviðum þó þessir sjóðir starfi að öðru leyti sem sjálfstæðar einingar.

Fyrir hönd stjórnar LH þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum ánægjuleg samskipti á árinu.

Marianna Jónasdóttir
stjórnarformaður




Iðgjöld

Á árinu 2002 námu iðgjöld ásamt endurgreiðslum og réttindaflutningum til allra deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga 9.584 millj. kr. og hækkuðu þau um rúm 19% frá árinu á undan. Þessi hækkun er fyrst og fremst vegna fjölgunar sjóðfélaga sem greiða til A-deildar LSR, þar sem greitt er hlutfallslega hærra iðgjald en til B-deildar LSR auk þess sem greitt er af hærri iðgjaldastofni. Rúmlega 66% af iðgjaldagreiðslum ársins fóru til A-deildar LSR, en iðgjöld hennar hækkuðu um rúm 23% milli ára. Iðgjald til séreignardeildar LSR hækkaði hlutfallslega mest milli ára eða um rúmlega 27%. Iðgjöld á hvern virkan sjóðfélaga Séreignar LSR hækkuðu um rúm 29% milli ára sem má að stærstum hluta rekja til herra mótframlags frá launagreiðanda. Iðgjöld til B-deildar LSR og LH hækkuðu milli ára þrjú fyrir að greiðandi sjóðfélögum fækkaði. Iðgjöld á hvern virkan sjóðfélaga hækkuðu t.d. um rúm 16% hjá B-deild LSR sem skýrist af almennum hækkunum á dagvinnulaunum milli árána 2001 og 2002.

Launavísitala opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sem reiknuð er út af Hagstofu Íslands, hækkaði um 7,6% á árinu. Hækkun milli meðaltals árána 2001 og 2002 var hins vegar 12,3% og fer það nær því að endurspegla hækkun iðgjalds á hvern virkan sjóðfélaga milli ára hjá B-deild LSR og LH.

Skipting iðgjalda 2002



Iðgjald til B-deildar LSR, alþingismannadeildar, ráðherra-deildar og LH er 10% af dagvinnulaunum, vaktalaði, desemberuppbót og orlofsuppbót. Hjá A-deild LSR er iðgjald aftur á móti 15,5% af heildarlaunum. Sjóðfélaginn borgar í öllum tilfellum 4% iðgjald af þeim launum sem skylt er að greiða af. Iðgjald til séreignardeildar LSR er háð ákvörðun sjóðfélagans en mótframlag launagreiðanda getur numið allt að 2,4% af iðgjaldastofni.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 29.859 á árinu og jókst samtals um 3% milli ára. Þar af var fjölgun virkra sjóðfélaga hlutfallslega mest hjá A-deild LSR eða um tæplega 11%. Þróun á fjölda greiðandi sjóðfélaga er afar ólík eftir deildum, sem skýrist af því að B-deild LSR og LH hafa verið lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum síðastliðin 5 ár. A-deild LSR tekur við öllum nýjum sjóðfélögum sem hefðu annars greitt í þá sjóði. Gera má ráð fyrir að flestir sjóðfélagar í Séreign LSR greiði einnig í aðra sjóði LSR eða LH. Auk þess er sjóðfélögum í B-deild LSR og LH í ákveðnum tilvikum heimilt að greiða af aukastörfum til A-deildar LSR. Samanlagður fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald einhvern tímann á árinu 2002 var 34.732 og jókst um tæp 2% milli ára. Í töflu á næstu síðu má sjá virka og greiðandi sjóðfélaga á árunum 2002 og 2001 ásamt fjölda þeirra sem áttu réttindi hjá sjóðunum í árslok 2002.


Iðgjöld

| | 2002 m.kr. | 2001 m.kr. | Breyting | Breyting pr. virkan sjóðfélaga |
|-----------------------|------------|------------|----------|--------------------------------|
| A-deild LSR | 6.370,6 | 5.162,8 | 23,4% | 11,5% |
| B-deild LSR | 2.345,1 | 2.141,0 | 9,5% | 16,5% |
| Lífsj. alþingismanna | 26,9 | 25,9 | 4,0% | 4,0% |
| Lífsj. ráðherra | 4,2 | 3,8 | 8,7% | 8,7% |
| Séreign LSR | 614,7 | 482,7 | 27,3% | 29,4% |
| Lífsj. hjúkr.fræðinga | 222,4 | 205,4 | 8,3% | 13,9% |
| Samtals | 9.584,0 | 8.021,7 | 19,5% | |

Lögbundin iðgjöld - LSR og LH

(á verðlagi ársins 2002)

Fjárhæð (m.kr.)



Greiðandi sjóðfélagar í desember 2002

| | Karlar | Konur | Meðalaldur |
|-----------------------|--------|-------|------------|
| A-deild LSR | 28% | 72% | 38 |
| B-deild LSR | 41% | 59% | 54 |
| Lífsj. alþingismanna | 63% | 37% | 53 |
| Lífsj. ráðherra | 75% | 25% | 54 |
| Séreign LSR | 36% | 64% | 51 |
| Lífsj. hjúkr.fræðinga | 1% | 99% | 52 |

Meðalaldur sjóðfélaga er mjög ólíkur milli sjóða og deilda. Í árslok 2002 var meðalaldur þeirra sem greiddu iðgjöld til B-deildar LSR 54 ár og voru 59% þeirra konur en 41% karlar. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í A-deild LSR var hins vegar 38 ár og voru 72% þeirra konur en 28% karlar. Þetta má sjá nánar í töflunni hér að ofan.

Viðbótariðgjöld

Til viðbótar við lögbundin iðgjöld til sjóðanna hafa ýmsir launagreiðendur greitt viðbótariðgjöld sem innborgun upp í skuldbindingar sínar við B-deild LSR, lífeyrissjóði alþingismanna, ráðherra og hjúkrunarfræðinga. Ríkissjóður hélt áfram að greiða aukaiðgjöld inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH á árinu. Nokkrir launagreiðendur gerðu jafnframt upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR. Nánar er fjallað um þessi atriði í köflum um uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum og tryggingafræðilega úttekt á sjóðunum.

Sjóðfélagar

| | Meðalfj. virkra sjóðfélaga | | | Greiðandi sjóðfélagar | | | Með réttindi 31.12.2002 |
|-----------------------|----------------------------|--------|----------|-----------------------|--------|----------|----------------------------|
| | 2002 | 2001 | Breyting | 2002 | 2001 | Breyting | |
| A-deild LSR | 16.196 | 14.631 | 10,7% | 20.063 | 18.767 | 6,9% | 28.729 |
| B-deild LSR | 9.225 | 9.812 | -6,0% | 9.605 | 0.334 | -7,1% | 40.574 |
| Lífsj. alþingismanna | 67 | 67 | 0,0% | 87 | 87 | 0,0% | 491 |
| Lífsj. ráðherra | 13 | 13 | 0,0% | 13 | 13 | 0,0% | 61 |
| Séreign LSR | 3.500 | 3.558 | -1,6% | 4.062 | 4.062 | 0,0% | 4.547 |
| Lífsj. hjúkr.fræðinga | 858 | 902 | -4,9% | 904 | 959 | -5,7% | 3.105 |
| Samtals | 29.859 | 28.983 | 3,0% | 34.732 | 34.222 | 1,5% | 77.507 |

Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Samanlagður fjöldi lífeyrisþega úr öllum deildum LSR og LH á árinu 2002 var 9.982. Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna nam 9.715 millj. kr. en þar af voru greiðslur úr B-deild LSR tæp, 91% af greiðslum sjóðanna eða 8.821 millj. kr. Lífeyrisþegum fjölgaði í heild um 6,4% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 19,9%. Meðalfjárhæð lífeyris hækkaði í heild um 12,7%. Til samanburðar hækkaði Launavísitala opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu um 12,3% milli meðaltals áranna 2001 og 2002 en 99% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna þróast í takt við dagvinnulaun.

Af greiðslum til lífeyrisþega á árinu fengu 488 greiddar fleiri en eina tegund lífeyris. Þá fengu 215 lífeyrisþegar hjá LSR greiðslur úr tveimur deildum og 18 úr þremur. Af lífeyrisþegum hjá LH fengu 69 einnig lífeyrisgreiðslur frá LSR. Loks fengu 68 greiddan lífeyri vegna séreignarsparnaðar en þar var í öllum tilvikum um eingreiðslu að ræða.

Lífeyrisréttindi og lífeyrisviðmið

Í B-deild LSR og LH miðast réttindi sjóðfélaga við þann tíma sem viðkomandi hefur greitt í sjóðinn, ásamt starfshlutfalli. Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok eða í ákveðnum tilvikum af launum vegna 10 ára í hærra launuðu starfi. Eftir það taka lífeyrisgreiðslur mið af dagvinnulaunum eftirmanns í starfi eða breytingum sem verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, svokölluð meðaltalsregla. Hækkunar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna koma því

beint fram í lífeyrisréttindum sjóðfélaga, hvort sem um er að ræða greiðslur til núverandi lífeyrisþega eða réttindi annarra sjóðfélaga sem eiga eftir að hefja töku lífeyris. Sú vísitala sem mælir hækkunar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hækkaði um 7,6% á árinu 2002. Ef horft er framhjá Séreign LSR hækka lífeyrisgreiðslur á hvern einstakling mest hjá B-deild LSR og LH sem skýrist af hækkun dagvinnulauna milli ára.

A-deild LSR er stigastjóður þar sem sjóðfélagar fá réttindi í hlutfalli við þau iðgjöld sem greidd eru vegna þeirra til sjóðsins og er því frábrugðinn öðrum sjóðum LSR og LH. Réttindin eru verðtryggð með vísitölu neysliverðs. Við stofnun sjóðsins var reiknað að lögbundið iðgjald til hans þyrfti að vera 15,5% af heildarlaunum til að standa undir veittum lífeyrisréttindum. Iðgjaldaprósentan hefur haldist óbreytt frá stofnun sjóðsins.

Eftirmanns- og meðaltalsregla

Með lagabreytingum sem tóku gildi í byrjun árs 1997 gátu lífeyrisþegar í B-deild LSR og LH valið hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum þeirra fylgdu launum eftirmanns í starfi eða meðalbreytingum sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Eingöngu þeir sjóðfélagar sem fara á lífeyri í beinu framhaldi af starfi hafa raunverulegt val milli meðaltals- og eftirmannsreglu. Lífeyrisgreiðslur annarra taka breytingum samkvæmt meðaltalsreglu og sama gildir um þá sem eiga áframhaldandi aðild að B-deild LSR og LH eftir að staða þeirra hjá

LSR og LH

| | Lífeyrisgreiðslur í m.kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|-----------------------|---------------------------|-------|--------|---------------------|-------|--------|---------------------------------|-------|--------|
| | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. |
| A-deild LSR | 77 | 39 | 98,3% | 234 | 124 | 88,7% | 329 | 313 | 5,1% |
| B-deild LSR | 8.821 | 7.358 | 19,9% | 8.987 | 8.553 | 5,1% | 982 | 860 | 14,1% |
| Lífsj. alþingismanna | 196 | 187 | 4,8% | 183 | 182 | 0,5% | 1.069 | 1.025 | 4,2% |
| Lífsj. ráðherra | 30 | 29 | 5,5% | 28 | 28 | 0,0% | 1.085 | 1.029 | 5,5% |
| Séreign LSR | 17 | 6 | 209,2% | 68 | 36 | 88,9% | 254 | 155 | 63,7% |
| Lífsj. hjúkr.fræðinga | 574 | 486 | 18,3% | 482 | 462 | 4,3% | 1.192 | 1.051 | 13,4% |
| Samtals | 9.715 | 8.103 | 19,9% | 9.982 | 9.385 | 6,4% | 973 | 863 | 12,7% |


opinberum launagreiðanda hefur verið lögð niður. Þeir sem fluttu sig yfir í A-deild eiga geymdan rétt í B-deild LSR eða LH. Lífeyrir vegna geymdra réttinda er greiddur samkvæmt meðaltalsreglu.

Miðað við lífeyrisgreiðslur í desember 2002 fengu tæp 46% lífeyrisþega greiddan lífeyri frá B-deild LSR samkvæmt meðaltalsreglu en tæp 12% lífeyrisþega hjá LH. Hér til hliðar má sjá þróun á hlutfalli milli meðaltals- og eftirmannsreglu hjá lífeyrisþegum B-deildar LSR og LH frá því að meðaltalsreglan var tekin upp. Hlutfallslega færri sjóðfélagar fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu hjá LH og skýrist það m.a. af því að þar eru hlutfallslega færri komnir á lífeyri af geymdum rétti auk þess sem það virðist vera ríkara í hjúkrunarfræðingum að miða sig við starfsstétt sína frekar en opinbera starfsmenn almennt.


Skipting lífeyrisgreiðslna eftir tegundum lífeyris

Samsetning lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum er nokkuð ólík milli deilda sjóðanna. Skiptingin er meðal annars háð reglum sjóðanna hvað varðar einstakar tegundir lífeyris og því hve langan tíma sjóðirnir hafa tekið á móti iðgjöldum. Þá er mismunandi vægi lífeyristegunda einnig háð kyni og aldri sjóðfélaganna. Almenn tæla má segja að hlutfall örorku sé hærri í sjóðum þar sem sjóðfélagar eru ungir að árum og sérstaklega ef áunninn réttur telur einungis nokkur ár, eins og hjá A-deild LSR.


Skipting lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum 2002




Lífeyrisgreiðslur úr B-deild LSR í desember, flokkað eftir útgreiðslureglu



Lífeyrisgreiðslur úr LH í desember, flokkaðar eftir útgreiðslureglu



Skipting lífeyrisgreiðslna A-deildar LSR 2002



A-deild LSR

Á árinu 2002 fengu 234 lífeyrisþegar greiðslur úr A-deild LSR samtals að fjárhæð 77 millj. kr. Sé miðað við fjölda greiðandi sjóðfélaga er um lága fjárhæð að ræða enda hefur sjóðurinn einungis starfað í skamman tíma. Við útreikning ellilífeyris er miðað við áunnin réttindi, en við örorku njóta sjóðfélagar framreiknings eins og þeir hefðu áunnið sér réttindi til ellilífeyrisaldurs. Þetta skýrir hátt hlutfall örorkulífeyris hjá sjóðnum. Auk þess eru sjóðfélagar ungir að árum, en meðalaldur þeirra sem áttu réttindi í árslok 2002 var 38 ár. Réttindi þeirra sem fluttu sig úr B-deild LSR og LH yfir í A-deild urðu eftir í þeim sjóðum og eru verðtryggð með launavísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins í árslok 2002 var 53 ár og voru 68% af þeim konur en 32% karlar.

Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 78,3% til greiðslu örorkulífeyris, 9,6% í ellilífeyri, 7,1% í makalífeyri og 5,0% í barnalífeyri. Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 90% á árinu 2002, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 98%. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skífuriti.

Réttur til töku ellilífeyris í A-deild er ekki háður starfslokum heldur er þar almenn heimild til að hefja töku lífeyris milli 60 og 70 ára aldurs. Sá sem hefur töku lífeyris við 65 ára aldur fær lífeyrisgreiðslur í samræmi við áunnin stig. Ef töku lífeyris er frestað eftir að 65 ára aldri er náð hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,75% fyrir hvern mánuð sem lífeyristöku er frestað eða um 9% fyrir hvert ár. Ef taka lífeyris hefst hins vegar fyrir 65 ára aldurinn lækkar áunninn lífeyrisréttur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á að 65 ára aldri sé náð eða um 6% fyrir hvert ár.


A-deild LSR

| | Lífeyrisgreiðslur í m.kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|----------------|---------------------------|------|--------|---------------------|------|--------|---------------------------------|-------|--------|
| | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 7,4 | 3,1 | 137,4% | 80 | 41 | 95,1% | 92,7 | 76,2 | 21,7% |
| Örorkulífeyrir | 60,3 | 32,2 | 87,0% | 110 | 66 | 66,7% | 548,0 | 488,4 | 12,2% |
| Makalífeyrir | 5,4 | 2,0 | 169,9% | 19 | 6 | 216,7% | 286,8 | 336,4 | -14,8% |
| Barnalífeyrir | 3,9 | 1,5 | 164,6% | 25 | 11 | 127,3% | 154,1 | 132,4 | 16,4% |
| Samtals | 77,0 | 38,8 | 98,3% | 234 | 124 | 88,7% | 329,1 | 313,2 | 5,1% |

B-deild LSR

Á árinu 2002 fengu 8.987 lífeyrisþegar greiðslur úr B-deild LSR, samtals að fjárhæð 8.821 millj. kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 72 ár í árslok 2002 og voru 61% af þeim konur en 39% karlar. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 72,8% til greiðslu ellilífeyris, 22,9% í makalífeyri, 4,1% í örorkulífeyri og 0,1% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skífuriti.

Skipting lífeyrisgreiðslna B-deildar LSR 2002



Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 5% á árinu 2002, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 20%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna eykst hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega og stafar það fyrst og fremst af hækkun dagvinnulauna milli ára. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2002 var 982 þúsund kr. en var 860 þúsund kr. árið áður og hækkaði um 14% milli ára.

má því segja að fylgni sé á milli hækkandi réttindaprósentu og hækkandi viðmiðunarlauna. Vakin er athygli á því að ofangreindar tölur eru meðaltöl og lækka því lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2002 næmu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga tæplega 152 þúsundum kr. á mánuði.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega í B-deild LSR var 38,5% í desember 2002. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er þannig um rúmlega 19 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 83 þúsund kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru 195 þúsund kr.

Af þeirri 8.821 millj. kr. sem greidd var í lífeyri úr B-deild LSR á síðasta ári fékk sjóðurinn 3.914 millj. kr. endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Samkvæmt lögum sjóðsins endurgreiða launagreiðendur þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum á árinu 2002 var 55,6%, en var 56,6% árið áður.

Ef meðalviðmiðunarlaunin eru vegin miðað við réttindi lífeyrisþega er meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent 2.165 kr. eða sem svarar til tæplega 217 þúsunda kr. meðalviðmiðunarlauna. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru hins vegar lægri eða 195 þúsund kr. Almennt

B-deild LSR

| | Lífeyrisgreiðslur í m.kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|----------------|---------------------------|---------|--------|---------------------|-------|--------|---------------------------------|-------|--------|
| | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 6.421,9 | 5.329,6 | 20,5% | 5.826 | 5.505 | 5,8% | 1.102,3 | 968,1 | 13,9% |
| Örorkulífeyrir | 365,2 | 296,7 | 23,1% | 913 | 849 | 7,5% | 400,0 | 349,5 | 14,5% |
| Makalífeyrir | 2.023,9 | 1.721,5 | 17,6% | 2.059 | 1.983 | 3,8% | 983,0 | 868,1 | 13,2% |
| Barnalífeyrir | 9,7 | 9,9 | -1,5% | 189 | 216 | -12,5% | 51,6 | 45,8 | 12,6% |
| Samtals | 8.820,8 | 7.357,6 | 19,9% | 8.987 | 8.553 | 5,1% | 981,5 | 860,2 | 14,1% |

Meðalífeyrir og meðalréttindi í desember 2002 hjá B-deild LSR

| | Meðalréttinda% | Meðalfjárhæð | Meðalviðmiðunarlaun | Meðalfjárhæð bak við hvert réttinda% |
|----------------|----------------|--------------|---------------------|--------------------------------------|
| Ellilífeyrir | 42,59% | 93.482 | 195.826 | 2.195 |
| Makalífeyrir | 36,80% | 81.618 | 208.341 | 2.218 |
| Örorkulífeyrir | 17,71% | 26.516 | 163.622 | 1.497 |
| Meðaltal | 38,54% | 83.423 | 195.165 | 2.165 |


Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna ellilí-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2002 án persónuuppbótar.

Lækkun á hlutfalli sjóðsins skýrist af hækkun dagvinnulauna á árinu. Því lengur sem lífeyrisþegi hefur verið á lífeyri, því lægra er hlutfall sjóðsins, en uppsafnaðar launahækkningar eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Hluttur sjóðsins hækkar hins vegar ef úrskurðaðir lífeyrisþegar eru fleiri en brottfallnir, miðað við óbreytt laun og jöfn réttindi. Nýir lífeyrisúrskurðir voru rúmlega helmingi fleiri en brottfallnir lífeyrisúrskurðir.

Lífeyrissjóður alþingismanna

Á árinu 2002 fengu 183 lífeyrisþegar greiðslur úr Lífeyrissjóði alþingismanna, samtals að fjárhæð 196 millj. kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 76 ár í árslok 2002 og var 51% af þeim konur en 49% karlar. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 55,4% til greiðslu ellilífeyris, 41,9% í makalífeyri, 2,6% í örorkulífeyri og 0,2% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skífuriti.

Skipting lífeyrisgreiðslna Lsj. alþm. 2002



Lífeyrissjóður alþingismanna


| | Lífeyrisgreiðslur í m.kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|----------------|---------------------------|-------|--------|---------------------|------|--------|---------------------------------|---------|--------|
| | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 108,3 | 96,7 | 12,0% | 100 | 98 | 2,0% | 1.083,3 | 986,8 | 9,8% |
| Örorkulífeyrir | 5,0 | 4,7 | 6,5% | 5 | 5 | 0,0% | 999,2 | 938,6 | 6,5% |
| Makalífeyrir | 81,9 | 85,1 | -3,7% | 75 | 77 | -2,6% | 1.092,3 | 1.105,1 | -1,2% |
| Barnalífeyrir | 0,3 | 0,1 | 221,0% | 3 | 2 | 50,0% | 99,7 | 46,6 | 114,0% |
| Samtals | 195,5 | 186,6 | 4,8% | 183 | 182 | 0,5% | 1.068,5 | 1.025,2 | 4,2% |

14

Lífeyrissjóður ráðherra

Á árinu 2002 fengu 28 lífeyrisþegar greiðslur úr Lífeyrissjóði ráðherra, samtals að fjárhæð 30 millj. kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 76 ár í árslok 2002 og voru 67% af þeim karlar en 33% konur. Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 64,4% til greiðslu ellilífeyris og 35,6% í makalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skífuriti.


Skipting lífeyrisgreiðslna Lsj. ráðh. 2002



Lífeyrissjóður ráðherra

| | Lífeyrisgreiðslur í m.kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|--------------|---------------------------|------|--------|---------------------|------|--------|---------------------------------|---------|--------|
| | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 19,6 | 18,2 | 7,3% | 19 | 19 | 0,0% | 1.029,2 | 959,2 | 7,3% |
| Makalífeyrir | 10,8 | 10,6 | 2,3% | 9 | 9 | 0,0% | 1.203,4 | 1.176,6 | 2,3% |
| Samtals | 30,4 | 28,8 | 5,5% | 28 | 28 | 0,0% | 1.085,2 | 1.029,0 | 5,5% |

Skipting lífeyrisgreiðslna LH 2002



Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Á árinu 2002 fengu 482 lífeyrisþegar greiðslur frá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, samtals að fjárhæð 574 millj. kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 69 ár í árslok 2002 og voru 96% af þeim konur en 4% karlar. Af lífeyrisgreiðslum úr sjóðnum á árinu 2002 fóru 88,2% til greiðslu ellilífeyris, 9,6% í örorkulífeyri, 2,0% í makalífeyri og 0,2% í barnalífeyri. Skiptingu lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna hjá sjóðnum má sjá í meðfylgjandi töflu og skifuriti.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 4,3% á árinu 2002, en lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 18,3%. Fjárhæð lífeyrisgreiðslna eykst hlutfallslega meira en fjöldi lífeyrisþega og stafar það fyrst og fremst af hækknun dagvinnulauna milli ára. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2002 var 1.192 þús. kr. en var 1.051 þús. kr. árið áður og hækkaði um 13,4% milli ára.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hjá LH var 47,2% í desember 2002. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er þannig um tæplega 24 ára vinnu í fullu starfi að ræða. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í mánuðinum var 101 þúsund kr., en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru rúmlega 205 þúsund kr.

Ef meðalviðmiðunarlaunin eru vegin miðað við réttindi lífeyrisþega er meðalfjárhæð bak við hvert réttindaprósent 2.144 kr., eða sem svarar 214 þúsund kr. meðallaunum. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru hins vegar aðeins lægri eða 205 þúsund kr. Almennt má segja að því

hærrí sem réttindaprósenta sjóðfélagsins er, því líklegra sé að viðmiðunarlaun hans til greiðslu lífeyris séu hærrí en að meðaltali hjá sjóðnum. Vakin er athygli á því að ofangreindar tölur eru meðaltöl og lækka því lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2002 næmu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga rúmum 150 þúsund kr. á mánuði.

Af þeim 574 millj. kr. sem greiddar voru í lífeyri úr LH á síðasta ári fékk sjóðurinn 270 millj. kr. endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum ársins var því 53,1%, en það var 53,4% árið áður. Nýir lífeyrisúrskurðir voru helmingi fleiri en brottfallnir lífeyrisúrskurðir. Sjóðurinn greiðir að öllu leyti fjárhæð lífeyris vegna nýrra lífeyrisþega en launagreiðendur greiða allar hækkningar sem verða á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna.

LH

| | Lífeyrisgreiðslur í m.kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárh. lífeyris í þús. kr. | | |
|----------------|---------------------------|-------|--------|---------------------|------|--------|---------------------------------|---------|--------|
| | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. | 2002 | 2001 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 506,6 | 425,7 | 19,0% | 365 | 347 | 5,2% | 1.388,1 | 1.226,7 | 13,2% |
| Örorkulífeyrir | 55,0 | 50,1 | 9,7% | 79 | 75 | 5,3% | 696,5 | 668,5 | 4,2% |
| Makalífeyrir | 11,7 | 8,7 | 33,6% | 14 | 13 | 7,7% | 832,8 | 671,5 | 24,0% |
| Barnalífeyrir | 1,1 | 1,1 | -4,2% | 24 | 27 | -11,1% | 44,8 | 41,6 | 7,8% |
| Samtals | 574,4 | 485,7 | 18,3% | 482 | 462 | 4,3% | 1.191,7 | 1.051,2 | 13,4% |

Meðallífeyrir og meðalréttindi í desember 2002 hjá LH

| | Meðalréttinda% | | | Meðalfjárhæð bak við hvert réttinda% | | |
|----------------|----------------|--------------|---------------------|--------------------------------------|---------------------|--------------|
| | Meðalréttinda% | Meðalfjárhæð | Meðalviðmiðunarlaun | Meðalfjárhæð | Meðalviðmiðunarlaun | Meðalfjárhæð |
| Ellilífeyrir | 51,02% | 113.953 | 217.932 | 2.234 | | |
| Makalífeyrir | 35,04% | 77.069 | 211.773 | 2.199 | | |
| Örorkulífeyrir | 31,46% | 46.879 | 149.167 | 1.490 | | |
| Meðaltal | 47,03% | 100.849 | 205.474 | 2.144 | | |

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna ellí-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2002 án persónuuppbótar.

Breytingar á fjölda lífeyrisþega eftir deildum 2001-2002

| Lífeyrisþegar | Fjöldi | Nýir | Út af | Fjöldi | Breyting |
|----------------|--------|-----------|---------|--------|----------|
| A-deild LSR | 2001 | úrskurðir | lífeyri | 2002 | |
| Ellilífeyrir | 41 | 39 | 0 | 80 | 39 |
| Örorkulífeyrir | 66 | 52 | 8 | 110 | 44 |
| Makalífeyrir | 6 | 13 | 0 | 19 | 13 |
| Barnalífeyrir | 11 | 14 | 0 | 25 | 14 |
| Samtals | 124 | 118 | 8 | 234 | 110 |

| Lífeyrisþegar | Fjöldi | Nýir | Út af | Fjöldi | Breyting |
|----------------|--------|-----------|---------|--------|----------|
| B-deild LSR | 2001 | úrskurðir | lífeyri | 2002 | |
| Ellilífeyrir | 5.505 | 541 | 220 | 5.826 | 321 |
| Örorkulífeyrir | 849 | 130 | 66 | 913 | 64 |
| Makalífeyrir | 1.983 | 150 | 74 | 2.059 | 76 |
| Barnalífeyrir | 216 | 6 | 33 | 189 | -27 |
| Samtals | 8.553 | 827 | 393 | 8.987 | 434 |

| Lífeyrisþegar | Fjöldi | Nýir | Út af | Fjöldi | Breyting |
|-----------------|--------|-----------|---------|--------|----------|
| Lsj. alþingism. | 2001 | úrskurðir | lífeyri | 2002 | |
| Ellilífeyrir | 98 | 3 | 1 | 100 | 2 |
| Örorkulífeyrir | 5 | 0 | 0 | 5 | 0 |
| Makalífeyrir | 77 | 2 | 4 | 75 | -2 |
| Barnalífeyrir | 2 | 1 | 0 | 3 | 1 |
| Samtals | 182 | 6 | 5 | 183 | 1 |

| Lífeyrisþegar | Fjöldi | Nýir | Út af | Fjöldi | Breyting |
|----------------|--------|-----------|---------|--------|----------|
| Lsj. ráðherra | 2001 | úrskurðir | lífeyri | 2002 | |
| Ellilífeyrir | 19 | 0 | 0 | 19 | 0 |
| Örorkulífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Makalífeyrir | 9 | 0 | 0 | 9 | 0 |
| Barnalífeyrir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 28 | 0 | 0 | 28 | 0 |

| Lífeyrisþegar | Fjöldi | Nýir | Út af | Fjöldi | Breyting |
|------------------|--------|-----------|---------|--------|----------|
| Lsj. hjúkr.fræð. | 2001 | úrskurðir | lífeyri | 2002 | |
| Ellilífeyrir | 347 | 27 | 9 | 365 | 18 |
| Örorkulífeyrir | 75 | 10 | 6 | 79 | 4 |
| Makalífeyrir | 13 | 2 | 1 | 14 | 1 |
| Barnalífeyrir | 27 | 1 | 4 | 24 | -3 |
| Samtals | 462 | 40 | 20 | 482 | 20 |

Fjárfestingarstefna

Stjórnir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hafa samþykkt sameiginlega fjárfestingarstefnu fyrir allar deildir sjóðanna. Meginmarkmið sjóðanna er að ávaxta fjármuni sjóðfélaga og launagreiðenda með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu og er það sjónarmið lagt til grundvallar við fjárfestingar og eignastýringu. Markmiði þessu verði náð með því að ákveða eignasamsetningu samkvæmt fyrirfram mótaðri fjárfestingarstefnu, tryggja eignir sem best og að vanda til allra ákvarðana um fjárfestingar og vörslu á eignum sjóðanna. Stjórnir LSR og LH endurskoða fjárfestingarstefnu sjóðanna eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Við endurskoðun fjárfestingarstefnunnar er tekið tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum. Jafnframt er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á umhverfi lífeyrissjóðanna og annarra ytri skilyrða sem áhrif hafa á rekstur og starfsumhverfi sjóðanna. Í fjárfestingarstefnunni eru sett markmið um eignasamsetningu sjóðanna og áætlað að þeim skuli náð í árslok 2012.


Séreign LSR er skipt í þrjár fjárfestingarleiðir. Leið I fjárfestir 30-45% í hlutabréfum og 55-70% í skuldabréfum, Leið II fjárfestir 15% í hlutabréfum og 85% í skuldabréfum og Leið III er bundinn verðtryggður innlánsreikningur. Jafnframt er hægt að velja svokallaða Sér-leið þar sem inneign flyst sjálfkrafa milli Leiða I-III eftir aldri rétthafa.

Áætluð eignasamsetning í árslok 2012

Við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu á verðbréfasöfnum sjóðanna eru eftirfarandi viðmið höfð um skiptingu eigna þannig að eignarhluti í einstökum verðbréfaflokkum geti verið á bilinu:

| | Stefna | Frávik | |
|--------------------------|--------|--------|-----|
| Skuldabréf | 50% | 50% | 65% |
| Ríkistryggð bréf | 20% | 15% | 30% |
| Skuldabréf lánastofnana | 7% | 2% | 10% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 5% | 2% | 10% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 4% | 2% | 8% |
| Veðskuldabréf | 14% | 10% | 30% |
| Hlutabréf | 50% | 35% | 50% |
| Innlend hlutabréf | 10% | 5% | 15% |
| Erlend hlutabréf | 40% | 30% | 45% |

Áætlun eignasamsetning í árslok 2012



Skuldabréf 50-65%

Ríkistryggð bréf 15-30%: Skuldabréf útgefin af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, s.s. spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf, húsnæðisbréf og húsbref. *Skuldabréf lánastofnana 2-10%:* Skuldabréf útgefin af bönkum og sparissjóðum, eignarleigufyrirtækjum, fjárfestingalánasjóðum og stofnlánasjóðum atvinnuveganna enda starfi þeir samkvæmt lögum og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. *Skuldabréf sveitarfélaga 2-10%:* Skuldabréf útgefin af sveitarfélögum með trausta rekstrar- og fjárhagsstöðu eða með ábyrgð þeirra. *Skuldabréf fyrirtækja 2-8%:* Skuldabréf stærri fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, aðallega skuldabréf fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands. *Veðskuldabréf 10-30%:* Skuldabréf tryggð með veði í fasteignum, bundin þeim takmörkunum að veðhlutfall fari ekki yfir 55% af markaðsvirði viðkomandi eignar eða 65% af fasteignamat. Strangari reglur gilda um sérhæft atvinnuhúsnæði.


Hlutabréf 35-50%

Innlend hlutabréf 5-15%: Innlend hlutabréf í fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Miðað er við að vægi óskráðra fyrirtækja verði ekki hærra en 10% af innlendra hlutabréfaeign sjóðanna á hverjum tíma. *Erlend hlutabréf 30-45%:* Hlutabréfasjóðir eða sérgreind hlutabréfasöfn í hlutafélögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Til samstarfs um ávöxtun og fjárstýringu er miðað við að velja fjóra eða fleiri ótengda og óháða aðila.


Verðbréfaeign

Skiptingu verðbréfaeignar A-, B- og S-deilda LSR og LH í árslok 2002 má sjá í meðfylgjandi skífu- og súluritum. Samsetning eigna hefur breyst nokkuð frá fyrra ári. Vægi erlendra hlutabréfa hefur minnkað úr 18,7% í 13,4% vegna mikilla lækkana á erlendum mörkuðum, styrkingar íslensku krónunnar og þess að dregið var úr erlendum fjárfestingum á liðnu ári. Mikil aukning var í fjárfestingum á innlendum hlutabréfum á árinu og hefur vægi innlendra hlutabréfa aukist úr 7,5% í 12,3%.

Verðbréfaeign LSR og LH 2002



Verðbréfaeign LSR og LH 2002



Verðbréfaeign LSR og LH 2002


(m.kr)

| | Samtals | | | | | | Hlutföll | | | | | |
|--------------------------|---------|---------|---------|---------|--------|---------|----------|---------|---------|--------|--------|---------|
| | | | | LSR | LH | Samtals | | | | LSR | LH | Samtals |
| | A-deild | B-deild | Séreign | | | | A-deild | B-deild | Séreign | | | |
| Ríkistryggð bréf | 5.304 | 38.796 | 733 | 44.833 | 3.791 | 48.624 | 22,5% | 43,5% | 54,8% | 39,3% | 36,7% | 39,1% |
| Skuldabréf lánaðstofnana | 2.294 | 7.296 | 45 | 9.635 | 1.137 | 10.772 | 9,7% | 8,2% | 3,4% | 8,4% | 11,0% | 8,7% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 820 | 1.997 | 0 | 2.817 | 383 | 3.200 | 3,5% | 2,2% | 0,0% | 2,5% | 3,7% | 2,6% |
| Skuldabréf fyrirtækja | 1.333 | 2.369 | 38 | 3.740 | 370 | 4.110 | 5,6% | 2,7% | 2,8% | 3,3% | 3,6% | 3,3% |
| Veðskuldabréf | 395 | 406 | 0 | 801 | 26 | 827 | 1,7% | 0,5% | 0,0% | 0,7% | 0,3% | 0,7% |
| Sjóðfélagalán | 6.372 | 17.012 | 0 | 23.384 | 1.511 | 24.895 | 27,0% | 19,1% | 0,0% | 20,5% | 14,6% | 20,0% |
| Skuldabréf | 16.518 | 67.876 | 816 | 85.210 | 7.218 | 92.428 | 70,0% | 76,2% | 61,0% | 74,7% | 69,9% | 74,3% |
| Innlend hlutabréf | 3.116 | 10.546 | 126 | 13.788 | 1.532 | 15.320 | 13,2% | 11,8% | 9,4% | 12,1% | 14,8% | 12,3% |
| Erlend hlutabréf | 3.972 | 10.690 | 395 | 15.057 | 1.577 | 16.634 | 16,8% | 12,0% | 29,5% | 13,2% | 15,3% | 13,4% |
| Hlutabréf | 7.088 | 21.236 | 521 | 28.845 | 3.109 | 31.954 | 30,0% | 23,8% | 39,0% | 25,3% | 30,1% | 25,7% |
| Verðbréfaeign alls | 23.606 | 89.112 | 1.337 | 114.055 | 10.327 | 124.382 | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Þróun verðbréfaeignar

Eignasamsetning LSR og LH hefur breyst allnokkuð undanfarin ár. Á meðfylgjandi súluriti má sjá þróun verðbréfaeignar sjóðanna frá árinu 1998 til ársloka 2002. Skuldabréfaeign hefur lækkað úr 93,7% á árinu 1998 í 74,3% á árinu 2002. Innlend hlutabréfaeign hefur aukist í 12,3% en var 0,6% 1998. Vægi erlendra hlutabréfa jókst mikið frá ársbyrjun 1998 til loka árs 2000, en hefur síðan farið lækkandi vegna verðlækkana á erlendum mörkuðum og styrkingar íslensku krónunnar. Erlenda verðbréfaeignin er nú 13,4% af heildarverðbréfaeign sjóðanna.

Þróun verðbréfaeignar LSR og LH 1998-2002



Þróun verðbréfaeignar LSR og LH 1998-2002

| (m.kr) | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | Hlutföll | | | | |
|-------------------|--------|--------|--------|--------|---------|----------|--------|--------|--------|--------|
| | | | | | | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 |
| Skuldabréf | 40.140 | 50.232 | 59.086 | 73.544 | 92.428 | 93,7% | 84,9% | 77,9% | 73,6% | 74,3% |
| Innlend hlutabréf | 248 | 634 | 3.417 | 7.788 | 15.320 | 0,6% | 1,1% | 4,5% | 7,8% | 12,3% |
| Erlend hlutabréf | 2.434 | 8.296 | 13.365 | 18.646 | 16.634 | 5,7% | 14,0% | 17,6% | 18,7% | 13,4% |
| Samtals | 42.821 | 59.162 | 75.868 | 99.978 | 124.382 | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Ávöxtun

Vegið meðaltal nafnávöxtunar hjá öllum deildum LSR á árinu 2002 var 0,72% sem samsvarar -1,26% raunávöxtun samanborið við 0,15% á árinu 2001. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var -1,38% á árinu samanborið við 0,01% á árinu 2001. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu 5 árin er 2,81% og meðaltal síðustu 10 ára er 4,12%.

Nafnávöxtun LH á árinu 2002 var -0,42% sem samsvarar -2,38% raunávöxtun samanborið við -0,59% á árinu 2001. Hrein raunávöxtun LH var -2,51% á árinu 2002 samanborið við -0,71% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LH síðustu 5 ár er 2,52% og meðaltal síðustu 10 ára er 4,31%. Í meðfylgjandi töflu má sjá ávöxtun og eignasamsetningu A-, B- og S-deilda LSR og LH á árunum 2001 og 2002. Mismunandi ávöxtun sjóðanna má rekja til mismunandi eignasamsetningar þar sem B-

deild LSR á hlutfallslega mest í skuldabréfum. Skuldabréfaeign LSR og LH að undanskilinni Séreign LSR er gerð upp á kaupkröfu sem þýðir að breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hafa ekki áhrif á bókfært virði þeirra bréfa sem sjóðirnir áttu í árslok 2002. Meirihluti skuldabréfaeignar Séreignar LSR er hins vegar gerður upp á markaðsvirði sem þýðir að þegar ávöxtunarkrafa á markaði lækkar, þá hækkar virði bréfanna og öfugt, burtséð frá kaupkjörum og kauptíma.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd sundurliðun ávöxtunar eftir tegundum verðbréfa. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða. Með hækkandi hlutfalli innlendra og erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðanna mun verða vart meiri sveiflna í ávöxtun á komandi árum. Til lengri tíma litið og með hagkvæmri áhættudreifingu á herra hlutfall hlutabréfa að skila sjóðunum betri raunávöxtun en ef einvörðungu er fjárfest í skuldabréfum.

Skipting ávöxtunar eftir tegundum verðbréfa

| | A-deild | B-deild | Séreign | | Samtals | |
|--------------------|---------|---------|---------|---------|---------|--------|
| | | | Leið I | Leið II | LSR | LH |
| Nafnávöxtun | | | | | | |
| Skuldabréf | 8,5% | 8,6% | 8,9% | 7,8% | 8,6% | 8,3% |
| Innlend hlutabréf | 18,9% | 17,4% | 14,9% | 17,5% | 17,8% | 17,8% |
| Erlend hlutabréf | -36,4% | -34,3% | -43,0% | -28,0% | -34,9% | -34,7% |
| Raunávöxtun | | | | | | |
| Skuldabréf | 6,4% | 6,4% | 6,8% | 5,7% | 6,4% | 6,2% |
| Innlend hlutabréf | 16,5% | 15,1% | 12,6% | 15,2% | 15,4% | 15,5% |
| Erlend hlutabréf | -37,7% | -35,6% | -44,1% | -29,4% | -36,2% | -36,0% |

Ávöxtun og eignasamsetning

| | A-deild | | B-deild | | Séreign | | | | LH | |
|------------------------|---------|-------|---------|-------|---------|---------|----------|--------|-------|-------|
| | 2002 | 2001 | 2002 | 2001 | 2002 | | 2001 | 2002 | 2001 | |
| | | | | | Leið I | Leið II | Leið III | Leið I | | |
| Ávöxtun | | | | | | | | | | |
| Hrein raunávöxtun | -3,5% | -2,9% | -0,8% | 0,7% | -10,3% | 8,2% | 6,7% | -3,2% | -2,5% | -0,7% |
| Hrein raunávöxtun* | 2,5% | 4,0% | 3,1% | 4,3% | -2,6% | 8,2% | 6,7% | 0,2% | 2,5% | 4,2% |
| Eignasamsetning | | | | | | | | | | |
| Skuldabréf | 70,0% | 65,2% | 76,2% | 76,0% | 57,0% | 86,0% | | 61,5% | 69,9% | 70,7% |
| Innlend hlutabréf | 13,2% | 11,3% | 11,8% | 6,5% | 10,0% | 5,2% | | 6,2% | 14,8% | 8,8% |
| Erlend hlutabréf | 16,8% | 23,5% | 12,0% | 17,5% | 33,0% | 8,8% | | 32,3% | 15,3% | 20,5% |

* 5 ára meðaltal

Skuldabréf

Árið 2002 var ár mikilla vaxtalækkana og lækkandi verðbólgu. Vegna samdráttar innanlands lækkaði Seðlabankinn stýrivexti á árinu alls um 430 punkta eða úr 10,1% í ársbyrjun í 5,8% í árslok. Vísitala neysliverðs til verðtryggingar hækkaði um 2% á árinu 2002 samanborið við 8,6% árið áður. Þessir tveir þættir hafa mikil áhrif á skuldabréfamarkað. Eftirspurn eftir skuldabréfum jókst á árinu og má m.a. rekja þá aukningu til slakrar ávöxtunar á erlendum hlutabréfamörkuðum og aukins áhuga erlendra aðila á íslenskum skuldabréfum. Lánveitingar til sjóðfélaga drógust nokkuð saman frá fyrra ári og er nánar fjallað um þær aftar í skýrslunni. Meðfylgjandi línurit sýna þróun ávöxtunarkröfu annars vegar langra og hins vegar stuttra verðtryggðra skuldabréfa og óverðtryggðra skuldabréfa ásamt samanburði við stýrivexti Seðlabanka Íslands á árinu 2002.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa



Innlend hlutabréf


Innlendi hlutabréfamarkaðurinn var með blómlegasta móti á árinu. Úrvalsvísitala aðallista, ICEX-15, hækkaði um 16,7%. Til samanburðar hækkuðu innlend hlutabréf LSR og LH um 17,8%. Árið 2002 einkenndist af verulegri styrkingu íslensku krónunnar, vaxtalækkunum, lágri verðbólgu og minnkandi innflutningi. Ofangreindir þættir höfðu jákvæð áhrif á afkomu flestra fyrirtækja, m.a. vegna lækkandi erlendra skulda og minni fjármagnskostnaðar. Hagnaður fyrirtækja í heild á árinu 2002 var því mun meiri en árið á undan. Á meðfylgjandi línuriti hér til hliðar er sýnd þróun Úrvalsvísitölu aðallista yfir síðasta ár.

Mikil aukning var í fjárfestingum í innlendum hlutabréfum frá árinu áður, en nettófjárfestingar á árinu námu 5,3 milljörðum kr. Meðfylgjandi tafla sýnir tíu stærstu innlendu hlutafélögin í eigu deilda LSR og LH, markaðsvirði eignarhlutarins ásamt hlutfallslegum eignarhlut.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa



Úrvalsvísitala aðallista Kauphallar Íslands 2002




Erlend hlutabréf

Umtalsverðar lækkanir áttu sér stað á öllum helstu hlutabréfavísitölum á árinu. Ef lítið er á breytingar í dollurum talið lækkaði Morgan Stanley heimsvísitala hlutabréfa, sem mælir breytingu á hlutabréfaverði í heiminum, um 21,1%. Gengi íslensku krónunnar styrktist um 21,4% gagnvart Bandaríkjadollar. Umreiknað í íslenskar krónur lækkaði því heimsvísitalan um 38,2%. Styrking íslensku krónunnar hefur haft neikvæð áhrif á ávöxtun erlendu eigna sjóðanna.

Erlendir hlutabréfamarkaðir hafa nú lækkað þrjú ár í röð og þarf að fara allt aftur til upphafs seinni heimsstyrjaldarinnar til að finna því hliðstæðu. Helstu ástæður verðlækkana erlendra hlutabréfa má rekja til minnkandi hagvaxtar í heiminum sem er afleiðing gífurlegrar opþenslu á árum áður. Einnig urðu nokkur bandarísk stórfyrirtæki uppvis að bókhaldsmisferli við að reyna að fegra afkomutölur. Hryðjuverk og stríðsátök hafa einnig haft mikil áhrif vegna óvissu og ótta fjárfesta. Almennar væntingar og tiltrú á efnahagslíf í heiminum hafa minnkað og hefur orðið samdráttur í neyslu almennings og fjárfestingum fyrirtækja. Meðfylgjandi er yfirlit yfir þróun MSCI heimsvísitölu hlutabréfa á árinu 2002.

Heimsvísitala Morgan Stanley 2002




10 stærstu innlendu hlutafélögin í árslok 2002

| Félag | Þús. kr. | Eign |
|-------------------------------|-----------|-------|
| Íslandsbanki hf. | 2.439.713 | 5,15% |
| Pharmaco hf. | 1.417.688 | 3,21% |
| Landsbanki Íslands hf. | 1.389.653 | 5,56% |
| Kaupþing banki hf. | 1.278.683 | 4,57% |
| Hf. Eimskipafélag Íslands | 1.075.583 | 3,67% |
| Samherji hf. | 1.010.222 | 6,09% |
| Össur hf. | 982.491 | 5,54% |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 858.309 | 5,54% |
| Baugur hf. | 631.011 | 2,42% |
| Bakkavör hf. | 613.476 | 3,45% |

Á árinu 2002 voru nettófjárfestingar í erlendum hlutabréfum 5,3 milljarða kr. Vægi erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðanna minnkaði talsvert frá árinu áður. Í árslok var hlutfallið 13,4% af verðbréfaeign miðað við 18,7% í árslok 2001. Í töflu á næstu síðu má líta sundurliðun eigna LSR og LH í erlendum hlutabréfasjóðum og sérgreindum hlutabréfasöfnum. Línuritið sýnir gengisþróun stærstu hlutabréfasafna í eigu LSR og LH, án tillits til hagnaðar af gjaldmiðlaskiptasamningum, ásamt samanburði við Morgan Stanley heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI) í íslenskum krónum. Árangur stærstu sjóðanna var mjög mismunandi á árinu og skýrist hann að mestum hluta af mismunandi eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu þeirra. Gengi sérgreinda safnsins hjá Morgan Stanley lækkaði um 45,1% og gengi Dresdner lækkaði um 39,2% umreiknað í íslenskar krónur. Gengi Schroder lækkaði um 36,8% og gengi Vanguard lækkaði um 37,7% á árinu 2002, en Vanguard er vísitölusjóður og markmið hans er að fylgja vísitölunni. Í upphafi 4. ársfjórðungs fjárfestu sjóðirnir í tveimur nýjum sérgreindum söfnum hjá ACM og MFS. Fjárfest er í báðum söfnum eftir vaxtarstefnu og var árangur þeirra örlítið undir vísitölunni á tímabilinu.

Gengisþróun og samanburður 2002



Erlend verðbréf eftir fjárvörsluaðilum:

| | Staða í árslok | Hlutfall | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
|---|----------------|----------|-------------|-------------|
| Morgan Stanley | 3.408,2 | 20,5% | -47,5% | -48,5% |
| ACM Segregated Fund | 1.288,3 | 7,7% | -1,8% | -3,7% |
| Dresdner RCM Global Investors | 2.882,0 | 17,3% | -39,4% | -40,6% |
| MFS - Institutional Advisors, Inc. | 837,1 | 5,0% | -6,2% | -8,0% |
| Schroders - Global Equity Class C | 1.942,0 | 11,7% | -36,5% | -37,7% |
| Alliance - Global Growth Trends Port, Class S | 625,0 | 3,8% | -52,3% | -53,2% |
| Alliance - Global Value Portfolio | 315,5 | 1,9% | -21,0% | -22,5% |
| Alliance - Global Growth Trends Port. Class A | 1.180,8 | 7,1% | -33,2% | -34,5% |
| Vanguard - Global Stock Index Inst. | 2.885,4 | 17,3% | -39,2% | -40,4% |
| Fidelity - Euro Blue Chip Fund | 115,4 | 0,7% | -34,9% | -36,2% |
| Fidelity - European Growth Fund | 102,2 | 0,6% | -24,5% | -26,0% |
| Templeton - Growth Fund, Inc. | 447,6 | 2,7% | -44,0% | -45,1% |
| Private Opportunity Ventures | 16,6 | 0,1% | -21,2% | -22,7% |
| Alþjóða framtakssjóðurinn | 147,8 | 0,9% | -7,8% | -9,6% |
| GIR - Capital Investments | 45,7 | 0,3% | 76,0% | 72,5% |
| Erlent hlutabréfasafn S-deildar | 395,1 | 2,4% | -39,6% | -40,8% |
| Samtals | 16.634,7 | 100,0% | | |

Gjaldmiðlaskiptasamningar

Gerðir hafa verið framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðanna auk þess að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðanna gagnvart gengisvog íslensku krónunnar. Heildarfjárhæð samninganna í árslok 2002 nam 6,5 milljörðum kr. sem er 39,1% af erlendra hlutabréfaeign, en var tæpir 3,5 milljarða kr. árið áður eða 17,0%.

Undirliggjandi eignir í gjaldmiðlaskiptasamningunum eru húsbref og húsnæðisbref, en skuldamegin eru lán í erlendra mynt. Með gjaldmiðlaskiptasamningunum eru sjóðirnir að fá tekjur af innlendum vöxtum, en greiða á móti vexti í

erlendum myntum sem eru mun lægri. Á árinu höfðu undirliggjandi eignir hækkað um 9% en skuldir lækkað um 4,5%. Helstu ástæður fyrir þessum viðsnúningi eru hækkun á gengi undirliggjandi eigna og styrking íslensku krónunnar.

Í árslok 2001 var markaðsvirði samninganna neikvætt um 96 millj., kr. en í árslok 2002 var markaðsvirði samninganna 874 milljónir. Að teknu tilliti til innleystra samninga var hagnaður af samningunum 1.179 millj. kr. á árinu 2002. Góður árangur af gjaldmiðlaskiptasamningum dregur úr neikvæðri ávöxtun á erlendra hlutabréfaeign sjóðanna.

Sjóðfélagalán og lánareglur

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu 24.745 millj. kr. í árslok 2002 og hækkuðu um rúm 14% milli ára. Hlutfall sjóðfélagalána af verðbréfaeign sjóðanna var 20,1% í árslok 2002 sem er 0,2 prósentustigum hærra en árið áður. Af fjárhæð sjóðfélagalána í árslok voru 68% hjá B-deild LSR, 26% hjá A-deild LSR og 6% hjá LH.

Fjárhæð veittra lána til sjóðfélaga LSR og LH á árinu 2002 nam 4.202 millj. kr. og lækkaði um rúm 19% milli ára. Alls voru veitt 1.913 lán á árinu 2002 í stað 2.323 lána árið áður sem er tæplega 18% fækkun. Meðalfjárhæð veittra lána var 2,2 millj. kr. á árinu 2002 sem er svipað og árið áður. Lán til sjóðfélaga námu 16,8% af ráðstöfunarfé ársins að teknu tilliti til seldra verðbréfa sem er lækkun frá árinu 2001, en þá var hlutfallið 19,8%.

Rúmlega helmingi minna var lánað úr A-deild LSR á árinu 2002 en árið áður. Í árslok 2001 var hlutfall sjóðfélagalána A-deildar LSR af verðbréfaeign komið upp fyrir 30%, sem er skilgreint hámark sjóðsins samkvæmt fjárfestingarstefnu. Því var

gripið til þess ráðs að lána greiðandi sjóðfélögum A-deildar LSR frekar úr B-deild sjóðsins ef þeir áttu þar eldri réttindi.

Vanskil lána til sjóðfélaga námu samtals 139,4 millj. kr. í árslok 2002 og hækkuðu um 11% milli ára. Hlutfall sjóðfélagalána í vanskilum lækkaði hins vegar úr 0,58% í 0,56%. Þetta eru öll vanskil en þess ber að geta að samkvæmt reglum sjóðanna hafa sjóðfélagar 14 daga til þess að greiða án þess að dráttarvextir séu reiknaðir þannig að raunveruleg vanskil eru lægri. Lánnum í meira en 3ja mánaða vanskilum fjölgaði lítillega milli ára. Fjölgunin er mest í hópi lána með vanskil á bilinu þriggja til tólf mánaða gömul, en lánnum með vanskil sem eru eldri en tólf mánaða fækkar milli ára. Fjöldi lána sem fóru til uppboðsmeðferðar voru 167 eða sex fleiri en árið áður. Sú þróun sem sker sig hvað mest úr milli ára er fjöldi skuldbreyttra lána sem voru 159 á árinu 2002 og tæplega þrefaldaðist milli ára. Getur sú þróun að hluta til skýrt litla aukningu í uppboðsmálum og hlutfallslega lækkun vanskila milli ára.

Sjóðfélagalán

(fjárhæðir eru í þús. kr.)

| Lán í árslok: | A-deild LSR | | B-deild LSR * | | LH | | Samtals | |
|---------------------------|-------------|-----------|---------------|------------|-----------|-----------|------------|------------|
| | 2002 | 2001 | 2002 | 2001 | 2002 | 2001 | 2002 | 2001 |
| Heildarfjárhæð | 6.371.666 | 5.523.867 | 16.871.296 | 14.777.745 | 1.502.112 | 1.329.341 | 24.745.074 | 21.630.953 |
| Fjöldi lána | 3.045 | 2.621 | 14.704 | 13.968 | 1.357 | 1.296 | 19.106 | 17.885 |
| Meðalfjárhæð | 2.093 | 2.108 | 1.147 | 1.058 | 1.107 | 1.026 | 1.295 | 1.209 |
| Hlutfall af verðbréfaeign | 27,0% | 30,7% | 18,9% | 18,2% | 14,5% | 14,0% | 20,1% | 19,9% |

Veitt lán á árinu:

| | | | | | | | | |
|--------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|---------|---------|-----------|-----------|
| Fjárhæð | 1.003.765 | 2.188.885 | 2.953.383 | 2.740.528 | 257.910 | 283.465 | 4.215.058 | 5.212.878 |
| Fjöldi lána | 488 | 1.044 | 1.303 | 1.174 | 122 | 105 | 1.913 | 2.323 |
| Meðalfjárhæð | 2.057 | 2.097 | 2.267 | 2.334 | 2.114 | 2.700 | 2.203 | 2.244 |
| Hlutf. af ráðst.fé nettó | 12,7% | 36,0% | 19,6% | 15,1% | 13,2% | 13,1% | 16,9% | 19,8% |

* Sjóðfélagalán hjá Lífeyrissjóði alþingismanna eru inni í tölum fyrir B-deild LSR en þau námu 56,6 millj. kr. í árslok 2002.

Sjóðfélagalán, LSR og LH

| Vanskil: | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---------|---------|--------|--------|--------|
| Fjöldi lána í meira en 3ja mán. vanskilum | 429 | 408 | 256 | 305 | 205 |
| Fjöldi lána í uppboðsmeðferð í árslok | 79 | 88 | 78 | 58 | 100 |
| Fjöldi útsendra uppboðsbeiðna | 183 | 167 | 171 | 199 | 257 |
| Fjöldi skuldbreyttra lána | 159 | 55 | 52 | 94 | 124 |
| Upphæð í vanskilum alls (í þús. kr.) | 139.370 | 125.258 | 91.845 | 75.404 | 84.279 |
| Hlutfall af lánnum til sjóðfélaga | 0,56% | 0,58% | 0,57% | 0,60% | 0,78% |
| Hlutfall af heildarskuldbréfaeign | 0,15% | 0,16% | 0,14% | 0,14% | 0,21% |

Mikil umskipti hafa orðið í lánveitingum til sjóðfélaga undanfarin ár, en í upphafi árs 1999 var lánareglum sjóðanna breytt á þann veg að réttur sjóðfélaga til lántöku var rýmkaður auk þess sem hámark lánsupphæðar var hækkað. Utanaðkomandi þættir eins og hækking fasteignaverð og aukin lánsfjárbörf einstaklinga hafa einnig haft áhrif á þessa þróun. Þá hafa margir sjóðfélagar tekið lán hjá sjóðunum til að endurskipuleggja fjármál sín og notað þau til að greiða upp óhagstæð skammtímalán. Þannig borga sjóðfélagar mun lægri vexti árlega auk þess sem greiðslubyrðin lækkar.

Lánsréttur

Hver sá sem greiðir eða hefur einhvern tíma greitt til LSR eða LH á rétt á lífeyrissjóðsláni. Sama gildir um þá sem átt gætu aðild að A-deild LSR þó að þeir hafi aldrei greitt til sjóðsins, t.d. aðilar að stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Séreignarsparendur hjá Séreign LSR hafa sama lánsrétt og aðrir sjóðfélagar.

Lánsupphæðir

Hámark lánsfjárhæðar ræðst af veðhæfni eignar. Ef lánsupphæð er umfram 4 millj. kr. þurfa umsækjendur að gangast undir sérstakt greiðslumat auk þess sem ríkari kröfur eru gerðar hvað varðar mat á veðhæfi eignar.

Lánskjör

Vextir í maí 2003 voru 5,58% en 5,91% í upphafi árs. Vextir eru breytilegir samkvæmt ákvörðun stjórnna sjóðanna og eru þeir endurskoðaðir miðað við ávöxtunarkröfu húsbrefta á 3ja mánaða fresti. Lánstími er 5 til 30 ár að vali lántakanda.


Veðtrygging

Lán er veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði og er miðað við 65% af fasteignamati eignarinnar eða 55% af verðmati löggilts fasteignasala, hvort sem hærra reynist.


Lántökukostnaður

Lántökugjald er 1% fyrir þá sem greitt hafa til sjóðsins í einn eða fleiri mánuði af síðustu 6 og fyrir þá sem fá greiddan lífeyri hjá sjóðnum, en 1,5% fyrir þá sem ekki hafa greitt iðgjald til sjóðsins á síðustu 6 mánuðum.


Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH



Fjöldi veittra sjóðfélagalána LSR og LH



Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána LSR og LH



Séreign LSR


Séreign LSR á nú fjögur starfsár að baki. Iðgjöld á árinu 2002 námu 614,7 milljónum króna og hækkuðu um 27% milli ára. Hækkun iðgjalda milli ára má m.a. rekja til hærri mótframlags frá launagreiðanda, en frá 1. janúar 2002 tók gildi hækkun á mótframlagi launagreiðenda úr 1% í 2% skv. ákvæðum kjarasamninga. Heildareignir sjóðfélaga námu 1.463 millj. kr. í árslok 2002 og jókst hrein eign sjóðsins um 508 millj. kr. eða 53%.

Á árinu 2002 greiddu 4.062 sjóðfélagar iðgjald til Séreignar LSR. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.500 árið 2002 en 3.558 árið áður, sem er 1,6% fækkun milli ára.

Heildarfjöldi þeirra sem áttu eign í sjóðnum í árslok 2002 var 4.547 og jókst um 6,1% frá árslokum 2001.

Mikil meirihluti sjóðfélaga Séreignar LSR eru konur, eða 64%, og er það hlutfall í samræmi við kynjahlutföll annarra deilda LSR. Meðalaldur þeirra sem greiddu í sjóðinn á árinu 2002 var 51 ár og hefur farið stighækkandi frá upphafi. Þetta sýnir að enn skortir mikið á þátttöku hinna yngri sem þó er sá hópur sem hvað mestan hag getur haft af þessu sparnaðarformi.

Innborguð iðgjöld í Séreign LSR - Árið 2002



Nýjar fjárfestingarleiðir á miðju síðastliðnu ári

Frá og með 1. júlí á síðastliðnu ári hafa sjóðfélagar í Séreign LSR geta valið milli þriggja ólíkra fjárfestingarleiða auk svokallaðrar Sér-leiðar þar sem fjárfestingarstefna breytist sjálfkrafa eftir aldri sjóðfélaga. Þessi fjölbreytni þýðir að hver og einn sjóðfélagi verður að velja ákjósanlegustu leiðina

að eigin mati. Leið I er upphafleg fjárfestingarleið Séreignar LSR og verða þeir sjóðfélagar áfram í þeirri leið sem aldrei hafa tekið afstöðu um val á fjárfestingarleið.

Ávöxtun og áhætta

Við val á fjárfestingarleið er skynsamlegt að taka mið af aldri einstaklingsins og viðhorfi hans til áhættu. Almenna reglan er sú að eftir því sem sjóðfélagi er yngri, því meira er áhættuþol hans, hann hefur lengri tíma til að ávaxta sparnað sinn og þolir því frekar sveiflur á gengi hlutabréfa. Jafnan er það svo að fjárfestingar í skuldabréfum eru áhættuminni en fjárfestingar í hlutabréfum. Sögulega séð hafa hlutabréf gefið af sér hærri ávöxtun en skuldabréf, en áhætta og sveiflur eru jafnframt meiri.

Nánar um hverja fjárfestingarleið:

Leið I

Í leið I er vægi hlutabréfa 30-45% sem þýðir að sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið I hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sig til að jafna út sveiflurnar og eiga von á að uppskera háa ávöxtun.

Leið II

Í leið II er vægi hlutabréfa að hámarki 15% sem þýðir að sveiflur í ávöxtun verða minni en í leið I og áhættan er þ.a.l. minni. Leið II hentar þeim sem eiga fá ár til starfsloka eða þeim sem vilja taka miðlungsáhættu og vilja litlar sveiflur í ávöxtun.

Leið III

Í leið III er séreignarsparnaðurinn ávaxtaður að öllu leyti á verðtryggðum innlánsreikningi. Þessi leið hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarka áhættu og sveiflur í ávöxtun.

Sér-leið

Sér-leið hefur það markmið að fjárfestingarstefna fylgi aldri sjóðfélaga, þar sem eðlilegt er að draga úr vægi áhættumeiri fjárfestinga eftir því sem fólk eldist og nær dregur lífeyrisgreiðslum. Þegar aldri í Sér-leið er náð færast iðgjald og inneign milli fjárfestingarleiðanna þriggja.

| | Hlutabréf | Skuldabréf | Verðtr. innlán | Sveiflur í ávöxtun | Aldur í Sér-leið |
|-----------------|-----------|------------|----------------|--------------------|------------------|
| Leið I | 30-45% | 55-70% | 0% | Meiri sveiflur | 54 ára og yngri |
| Leið II | 15% | 85% | 0% | Litlar sveiflur | 55 ára og eldri |
| Leið III | 0% | 0% | 100% | Lágmarksveiflur | Lífeyrisþegar |

Á árinu 2002 var sjóðfélögum sent kynningarefni með ársyfirlitum um fjölgun fjárfestingarleiða ásamt eyðublaði um val á fjárfestingarleið. Viðbrögð sjóðfélaga Séreignar LSR við fjölgun fjárfestingarleiða voru þau að 16% virkra sjóðfélaga sendu sjóðnum beiðni um breytingu á sinni fjárfestingarleið. Í lok árs 2002 höfðu 646 sjóðfélagar valið Sér-leið.

Mikill meirihluti sjóðfélaga er skráður í Leið I, eða 85%. Hlutfallsskipting nýskráðra samninga milli fjárfestingarleiða sýnir að helmingur nýrra sjóðfélaga er að velja Leið I sem gefur til kynna að sjóðfélagar eru að taka afstöðu um fjárfestingarstefnu strax í upphafi.

Ávöxtun ársins 2002

Ávöxtun Séreignar LSR á árinu 2002 var mjög breytileg milli fjárfestingarleiða. Fjárfestingarstefna leiðanna þriggja gerir ráð fyrir mismunandi vægi hlutabréfa og sveiflast ávöxtun þeirra þar af leiðandi mismikið. Nafnávöxtun leiðar I var neikvæð um 8,5% og hrein raunávöxtun leiðar I á árinu 2002 var neikvæð um 10,3%. Nafnávöxtun leiðar II var

9,3% sem svarar til 8,2% hreinnar raunávöxtunar. Leið III sem er bundinn innlánsreikningur var með 7,7% nafnávöxtun og 6,7% hreina raunávöxtun. Meðaltal nafnávöxtunar í leið I frá stofnun er 2,4%. Ef ávöxtun Séreignar LSR á árinu 2002 er borin saman við ávöxtun annarra séreignarsjóða verður hún að teljast viðunandi að teknu tilliti til eignasamsetningar. Ávöxtun innlendra skuldabréfa og hlutabréfa var góð á árinu, en neikvæð ávöxtun erlendra hlutabréfa dregur heildarávöxtun niður.

Nafnávöxtun

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|----------|-------|------|-------|-------|
| Leið I | -8,5% | 6,0% | -8,8% | 24,2% |
| Leið II | 9,3% | | | |
| Leið III | 7,7% | | | |


Raunávöxtun

| | | | | |
|----------|--------|-------|--------|-------|
| Leið I | -10,3% | -2,3% | -12,3% | 17,4% |
| Leið II | 8,2% | | | |
| Leið III | 6,7% | | | |


Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun

| | | | |
|--------|-------|------|------|
| Leið I | -2,6% | 0,2% | 1,5% |
|--------|-------|------|------|


Heildarfjöldi virkra sjóðfélaga eftir fjárfestingarleiðum




Skipting nýskráðra samninga eftir leið



Eignasamsetning Leiðar I



Eignasamsetning Leiðar II



Skipting verðbréfaeigna milli fjárfestingaleiða I og II í árslok 2002

Í lok árs skiptist verðbréfaeign leiðar I í skuldabréf 54,9%, innlán 3,6% og hlutabréf 41,5%. Leið II skiptist í 84,1% skuldabréf, innlán 2,1% og 13,7% hlutabréf.

Rekstur séreignardeildar flyst til LSR

Kaupþing banki hf. hefur haft umsjón með rekstri séreignardeildar LSR frá árinu 1999, en frá 1. janúar 2003 fluttist eignastýring yfir til LSR og 1. maí 2003 fluttist rekstur deildarinnar alfarið til LSR. Við flutning reksturs deildarinnar yfir til LSR var ráðgjafasvið deildarinnar eflt, nýr starfsmaður ráðinn sem deildarstjóri til að stýra allri ráðgjöf og þjónustu við sjóðfélaga og nafni deildarinnar breytt í Séreign LSR.

Iðgjald til séreignarsparnaðar

Launþegar geta fengið skattfrestun á allt að 4% iðgjald af heildarlaunum sem greitt er í séreignarsparnað. Mörg stéttarfélög opinberra starfsmanna hafa gert samkomulag við launagreiðendur um sérstakt mótframlag vegna viðbótarsparnaðar í séreignarsjóð. Sjóðfélagar B-deildar LSR og LH sem fá greidda yfirvinnu hafa

meira skattalegt svigrúm til greiðslu í séreignarsjóð en aðrir, því þeir greiða einungis 4% iðgjald af dagvinnulaunum til samtryggingar hjá B-deild LSR og LH. Þeir geta því greitt 8% af yfirvinnu sinni í séreignarsjóð og 4% af dagvinnunni. Mótframlag atvinnurekanda verður þó aldrei hærra en 2,4% af heildarlaunum viðkomandi.

Útborgun lífeyris og aðild að Séreign LSR

Unnt er að hefja úttekt úr Séreign LSR við 60 ára aldur og taka greiðslur á minnst sjö árum eða á þeim tíma sem á vantar að viðkomandi sjóðfélagi verði 67 ára. Þetta þýðir að þegar sjóðfélagi hefur náð 67 ára aldri getur hann tekið inneign sína út í einu lagi. Inneign í Séreign LSR er séreign sjóðfélagsins og erfist með svipuðum hætti og aðrar persónulegar eignir. Séreignarsparnaður er ekki framtalsskyldur, ekki þarf að greiða af honum fjármagnstekjuskatt og hann skerðir hvorki vaxtane barnabætur. Sjóðfélagar í öllum deildum LSR og í LH eiga rétt til aðildar að Séreign LSR. Sama gildir um þá sem einhvern tíma hafa greitt í þessa sjóði og alla þá, sem átt gætu rétt til aðildar skv. 3. gr. laga um LSR, svo sem félagsmenn aðildarfélaga BSRB, BHM og KÍ.

Tryggingafræðileg úttekt á LSR & LH

Stjórnir LSR og LH fólu Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna miðað við árslok 2002. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hjá A-deild LSR er miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysluverðs. Hjá B-deild LSR, alþingismannadeild, ráðherra-deild og LH er gert ráð fyrir að launahækkningar séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og ávöxtun 2% umfram launahækkningar. Tekið hefur verið tillit til nýrra talna um lífslíkur en þær eru byggðar á reynslu árána 1996-2000.

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum B-deildar LSR

Samkvæmt útreikningi Talnakönnunar hf. voru skuldbindingar B-deildar LSR 286,4 milljarðar kr. í árslok 2002 en voru 260,5 milljarðar árið áður, sem er 10% hækkun milli ára.

Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2002 skiptist eftir tegundum launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2002.

Nýjar töflur yfir lífslíkur hækka skuldbindingu sjóðsins um 4,3 milljarða kr. Ef ekki hefði verið tekið tillit til þeirra hefðu skuldbindingar sjóðsins hækkað um 8,3% á árinu 2002 í stað 10%. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 7,6% á árinu 2002. Réttindi hjá B-deild eru reiknuð sem hlutfall af dagvinnulaunum og hafa allar launabreytingar því áhrif á réttindi sjóðfélaga, hvort sem þeir eru í starfi, með geymd réttindi eða á lífeyri.

Skuldbindingar B-deildar LSR voru 135,4 milljarðar kr. í árslok 1996 og hafa þær rúmlega tvöfaldast á undanförunum 6 árum. Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má aðallega rekja til kerfisbreytingar á launum opinberra starfsmanna og þá aðallega á árinu 1998. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hefur hækkað um rúmlega 91% frá

| Áfallin skuldbinding í árslok 2002, B-deild LSR | Fjárhæð m.kr. |
|--|------------------|
| A-hluta ríkisstofnanir | 106.651 |
| B-hluta ríkisstofnanir | 1.921 |
| C-hluta ríkisstofnanir | 857 |
| Einkavæddar ríkisstofnanir | 1.978 |
| Einstaklingar (staða lögð niður) | 176 |
| Framhaldsskólar | 19.059 |
| Fræðslu- og skólaskrifstofur | 270 |
| Grunnskólar fyrir 01.08.1996 | 52.255 |
| Grunnskólar eftir 01.08.1996 | 8.485 |
| Heilsugæslu- og heilsuverndarstöðvar | 3.808 |
| Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir | 22.187 |
| Sparisjóðir | 1.396 |
| Stéttarfélag | 672 |
| Stjórnmalaflokkar | 307 |
| Stofnanir í samrekstri ríkis og sveitarfélaga | 394 |
| Sveitarfélag, sveitarsjóðir | 12.056 |
| Uppgreiddar skuldbindingar | 36.280 |
| Ýmsir með bakabyrgð sveitarfélaga | 5.864 |
| Ýmsir séraðilar | 11.819 |
| Samtals | 286.435 |

| Breyting áfallinnar skuldbindingar, B-deild LSR | Fjárhæð m.kr. |
|--|------------------|
| Skuldbinding í árslok 2001 | 260.493 |
| Vextir 2% | 5.210 |
| Nýjar skuldbindingar | 2.711 |
| Launahækkningar | 22.514 |
| Lífeyrisgreiðslur á árinu | (8.821) |
| Skuldbinding í árslok 2002, gamlar lífslíkur | 282.108 |
| Aukning vegna nýrra lífslíka | 4.327 |
| Skuldbinding í árslok 2002 | 286.435 |


ársbyrjun 1997 til ársloka 2002. Eignir sjóðsins hafa hins vegar hækkað um 186% á sama tímabili og stafar það m.a. af uppgjörum og innborgunum vegna skuldbindinga. Á meðfylgjandi súluriti má sjá hvernig eignir B-deildar LSR hafa þróast sem

hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 1995. Hlutfallið var 34,7% í árslok 2002 sem er örlítil lækkun frá árinu áður. Lækkunin skýrist af því að eignir sjóðsins ávöxtuðust um 1,3% á árinu 2002 á meðan skuldbindingarnar hækkuðu um 10%. Lækkunin hefði verið mun meiri ef ekki hefði komið til innborgana ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar.

Skuldbindingar launagreiðenda við B-deild LSR vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um B-deild LSR endurgreiða launagreiðendur sjóðunum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir mánaðarlega um þessar greiðslur. Sá hluti skuldbindinga B-deildar LSR sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði var metinn 133,8 milljarðar kr. í árslok 2002 eða um 46,7% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 122,8 milljarðar kr. í árslok 2001 og hækkuðu því um 9% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður og ríkisstofnanir. Í ársreikningi B-deildar LSR eru kröfur sjóðsins á launagreiðendur vegna væntanlegra lífeyrishækkana ekki færðar sem hluti af efnahagsreikningi. Þess í stað er getið um þessar kröfur sem eignir utan efnahagsreiknings.

Eignir B-deildar LSR sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Eign til greiðslu á lífeyri í B-deild LSR

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign B-deildar LSR 90,1 milljarður kr. í árslok 2002 samanborið við 81,3 milljarða árið á undan. Hækkunin nemur 10,9% milli ára. Til viðbótar á sjóðurinn áðurnefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 133,8 milljarðar kr. Samtals eru þessar eignir 223,9 milljarðar kr. Við mat á eign til greiðslu lífeyris þarf að taka tillit til þeirra verðbréfa í eigu sjóðsins sem bera vexti umfram þau 3,5% sem notuð eru í tryggingafræðilegri úttekt. Þetta fer þannig fram að tekna eru afborganir og vextir af verðbréfasafni sjóðsins þar til það er honum að fullu greitt og þær greiðslur núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun. Með þessu endurmati verður eign B-deildar LSR í verðbréfum 9,3 milljörðum kr. hærri en bókfært verð þeirra, að frádregnu núvirði fjárfestingarkostnaðar. Endurmetnar eignir sjóðsins teljast því vera 233,2 milljarðar kr.

| Hlutdeild ábyrgðaraðila í áfallinni skuldbindingu B-deildar LSR í árslok 2002 | Fjárhæð m.kr. | Hlutdeild | Uppsöfnuð hlutdeild |
|--|------------------|-----------|------------------------|
| Hrein eign skv. efnahagsreikningi til greiðslu lífeyris | 90.074 | 31,4% | 31,4% |
| Endurmat á verðbréfaeign | 9.339 | 3,3% | 34,7% |
| Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. | 133.833 | 46,7% | 81,4% |
| Krafa á ríkissjóð skv. 32. gr. | 53.189 | 18,6% | 100,0% |
| Áfallin skuldbinding skv. mati tryggingafræðinga | 286.435 | 100,0% | |

að teknu tilliti til krafna á launagreiðendur eða um 81,4% af áfallinni skuldbindingu hans. Samkvæmt 32. gr. laga um sjóðinn ber ríkissjóður ábyrgð á greiðslu lífeyris úr sjóðnum. Hins vegar reynir ekki á þá ábyrgð nema til þess komi að sjóðurinn geti ekki innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs var samkvæmt úttekt á sjóðnum í árslok 2002 metin á 53,2 milljarða kr. eða 18,6% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Undanfarin 4 ár hefur ríkissjóður greitt inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn umfram lagaskyldu. Í árslok 2002 námu uppgerðar innborganir ríkissjóðs inn á bakábyrgð hans við sjóðinn 40,8 milljörðum. Tafla á bls. 31 sýnir sundurliðun á hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum sjóðsins í árslok 2002

Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar

Hluti launagreiðenda hefur gert upp áfallnar skuldbindingar sínar við B-deild LSR. Sjóðurinn

verður að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinganna með eignum sínum án krafna á launagreiðendur. Innborgunum ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn er haldið til hliðar við útreikning á eignum sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar. Viðbótariðgjald þeirra launagreiðenda sem ekki hafa gert upp skuldbindingar sínar er á sama hátt dregið frá eignum. Fjallað er sérstaklega um uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum sínum við sjóðinn aftur í skýrslunni. Af áfallinni skuldbindingu að fjárhæð 286,4 milljarðar kr. hafa 36,3 milljarðar verið endanlega gerðir upp við sjóðinn. Óuppgerð áfallin skuldbinding var í árslok 250,2 milljarðar kr. og eignir sjóðsins vegna óuppgerðra skuldbindinga 17,6 milljarðar eða um 7,0% sem er lækkun um 3,5 prósentustig frá fyrra ári. Lækkun á hlutfalli eigna sjóðsins upp í óuppgerðar skuldbindingar á árinu má rekja til þess að skuldbindingar hækkðu meira en eignir sjóðsins ávöxtuðust. Eignir sjóðsins upp í uppgerðar skuldbindingar má sjá nánar í töflu hér að neðan.

32

| Eignir B-deildar LSR upp í óuppgerðar skuldbindingar (í m.kr.) | Fjárhæð 2002 | | Fjárhæð 2001 | |
|---|-----------------|--------|-----------------|--------|
| Áfallin skuldbinding samtals | 286.435 | | 260.493 | |
| Uppgerð áfallin skuldbinding | 36.280 | | 32.674 | |
| Óuppgerð áfallin skuldbinding | 250.156 | 100,0% | 227.819 | 100,0% |
| Bókfærð eign skv. efnahagsreikningi | 90.074 | | 81.253 | |
| Endurmat verðbréfa | 9.339 | | 10.126 | |
| Samtals endurmetin eign | 99.413 | | 91.379 | |
| Aukagreiðslur ríkissjóðs | 40.808 | | 30.557 | |
| Aukagreiðslur annarra launagreiðenda | 424 | | 295 | |
| Hld. aukagreiðslna í endurmati verðbréfa | 4.275 | | 3.845 | |
| Samtals vegna aukagreiðslna | 45.507 | | 34.697 | |
| Bókfærð eign ásamt endurmati | 99.413 | | 91.379 | |
| Eign vegna uppgerðra skuldbindinga | (36.280) | | (32.674) | |
| Eign vegna aukagreiðslna | (45.507) | | (34.697) | |
| Eign vegna óuppgerðra skuldbindinga | 17.627 | 7,0% | 24.008 | 10,5% |

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum A-deildar LSR

Áfallin skuldbinding A-deildar LSR í árslok 2002 var 21,6 milljarðar kr. og hækkaði um 43,5% milli ára. Hrein eign sjóðsins skv. efnahagsreikningi í árslok 2002 nam 24,4 milljörðum kr. og hækkaði hún um 32,3% milli ára. Endurmat þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 2,0 milljörðum að teknu tilliti til núvirtis fjárfestingarkostnaðar í framtíðinni. Endurmetnar eignir sjóðsins í árslok 2002 eru því 26,4 milljarðar kr. Eignir sjóðsins í árslok 2002 námu samkvæmt þessu 4,8 milljörðum umfram skuldbindingu hans, eða 22,2% sem er talsverð lækkun frá árinu áður þar sem hlutfallið var 37,3%. Lækkunina má rekja til neikvæðrar ávöxtunar sjóðsins á síðasta ári. Heildarstaða A-deildar LSR, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og vinni sér inn réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 6,2 milljarða kr. eða 4,9% lægri en heildarskuldbinding hans. Þetta þýðir að skuldbinding vegna viðbótarréttinda eykst meira en sem nemur iðgjöldunum. Þetta er eðlilegt þar sem ekki er reiknað með neinni nýliðun í sjóðnum eða brottfalli virkra sjóðfélaga. Áfallin staða er jákvæð sem sýnir að fram til þessa á sjóðurinn vel fyrir skuldbindingum sínum enda flestir sjóðfélagar enn ungir að árum. Meðalaldur virkra sjóðfélaga er einungis 38 ár. Framlag launagreiðenda er nú 11,5%, en það er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins og er miðað við að

sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldaprósentu launagreiðenda á að endurskoða árlega. Þar sem heildarstaða A-deildar er innan skilgreindra marka þykir ekki rétt að leggja til breytingu á framlagi launagreiðenda að svo stöddu, en samkvæmt lögum um lífeyrissjóði má heildarstaða þeirra aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera utan 5% vikmarka samfellt í fimm ár.

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum lífeyrissjóða alþingismanna og ráðherra

Lífeyrissjóðir alþingismanna og ráðherra höfðu fram til ársins 1999 verið reknir sem gegnumstreymissjóðir og greiddi ríkissjóður jafnan það sem á vantaði ár hvert. Undanfarin 4 ár hefur rekstrarafgangi sjóðanna verið haldið eftir hjá þeim og þeir þannig byrjað að safna eignum upp í skuldbindingar sínar, þó í litlum mæli sé. Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs alþingismanna var 4,2 milljarðar kr. í árslok 2002 og hækkaði hún um 11,2% frá fyrra ári. Eignir sjóðsins upp í skuldbindingar eru óverulegar eða um 4,3% af áfallinni skuldbindingu. Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs ráðherra var 0,9 milljarðar kr. í árslok 2002 og hækkaði hún um 12,3% frá fyrra ári. Eignir sjóðsins upp í skuldbindingar eru einnig óverulegar eða um 3,5% af áfallinni skuldbindingu.

| Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR (í m.kr.) | Fjárhæð 2002 | | Fjárhæð 2001 | |
|--|-----------------|-------|-----------------|-------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 24.389 | | 18.430 | |
| Viðbót vegna endurmats | 1.995 | | 2.228 | |
| Samtals eign | 26.384 | | 20.658 | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | 21.586 | | 15.044 | |
| Áfallin staða | 4.797 | 22,2% | 5.614 | 37,3% |
| Hrein eign ásamt endurmati | 26.384 | | 20.658 | |
| Framtíðariðgjöld | 93.592 | | 81.127 | |
| Samtals framtíðareign | 119.976 | | 101.785 | |
| Heildarskuldbinding | 126.219 | | 102.663 | |
| Heildarstaða | (6.244) | -4,9% | (879) | -0,9% |

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum LH

Samkvæmt útreikningi Talnakönnunar hf. voru skuldbindingar LH 29,7 milljarðar kr. í árslok 2002, en voru 28,1 milljarður árið áður, sem er 6% hækkun milli ára. Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2002 skiptist eftir tegundum launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2002.


Nýjar töflur yfir lífslíkur hækka skuldbindingu sjóðsins um 463 millj. kr. Ef ekki hefði verið tekið tillit til þeirra hefðu skuldbindingar sjóðsins hækkað um 4,3% á árinu 2002 í stað 6%.

Skuldbindingar LH voru 14,8 milljarðar kr. í árslok 1996 og hafa þær tvöfaldast á undanförunum 6 árum. Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má aðallega rekja til kerfisbreytinga á launum hjúkrunarfræðinga og þá aðallega á árinu 1998 og svo aftur vegna áhrifa kjarasamninga við kennara á árinu 2001, en þeir höfðu áhrif á réttindi hjúkrunarfræðinga sem miðast við meðaltalsreglu. Þegar dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga breytast hefur það bein áhrif á skuldbindingar vegna virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega á eftirmannsreglu. Skuldbindingar vegna lífeyrisþega á meðaltalsreglu og sjóðfélaga með geymd réttindi, þ.m.t. þeirra sem fluttu sig yfir í A-deild LSR, miðast hins vegar við meðaltalshækkunar dagvinnulauna allra opinberra starfsmanna.

Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 7,6% á árinu 2002 og hefur hún hækkað um rúm 91% frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2002. Eignir sjóðsins hafa hins vegar hækkað um 171% á sama tímabili og stafar það m.a. af innborgunum vegna skuldbindinga. Hér til hliðar má sjá hvernig eignir LH hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 1995. Hlutfallið var 38,5% í árslok 2002 og hækkar um 1,1 prósentustig milli ára. Hlutfallið hefði lækkað ef ekki hefði komið til innborgana ríkissjóðs inn

| Áfallin skuldbinding í árslok 2002, LH | Fjárhæð m.kr. |
|---|------------------|
| A-hluta ríkisstofnanir | 1.828 |
| Heilsugæslu- og heilsuverndarstöðvar | 2.403 |
| Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir | 21.077 |
| Stéttarfélag | 64 |
| Sveitarfélög, sveitarsjóðir | 1.092 |
| Ýmsir með bakábyrgð sveitarfélaga | 291 |
| Ýmsir séraðilar | 2.774 |
| Annað | 206 |
| Samtals | 29.735 |

| Breyting áfallinnar skuldbindingar, LH | Fjárhæð m.kr. |
|--|------------------|
| Skuldbinding í árslok 2001 | 28.065 |
| Vextir 2% | 561 |
| Nýjar skuldbindingar | 425 |
| Launahækkunar | 795 |
| Lífeyrisgreiðslur á árinu | (574) |
| Skuldbinding í árslok 2002, gamlar lífslíkur | 29.272 |
| Aukning vegna nýrra lífslíka | 463 |
| Skuldbinding í árslok 2002 | 29.735 |

Eignir LH sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum

á skuldbindingar sínar því eignir sjóðsins voru með neikvæða ávöxtun upp á 0,4% á árinu 2002 á meðan skuldbindingarnar hækkuðu um 6%.

Skuldbindingar launagreiðenda við LH vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga endurgreiða launagreiðendur sjóðunum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir mánaðarlega um þessar greiðslur. Sá hluti skuldbindinga LH sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði var metinn 15,0 milljarðar kr. í árslok 2002 eða um 50,4% af skuldbindingum sjóðsins. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður og ríkisstofnanir. Í ársreikningi LH eru kröfur sjóðsins á launagreiðendur vegna væntanlegra lífeyrishækkana ekki færðar sem hluti af efnahagsreikningi. Þess í stað er getið um þessar kröfur sem eignir utan efnahagsreiknings.

Eign til greiðslu á lífeyri í LH

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign LH 10,5 milljarðar kr. í árslok 2002 samanborið við 9,5 milljarða árið á undan. Hækkunin nemur 10,1% milli ára. Til viðbótar á sjóðurinn áðurnefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 15,0 milljarðar. Samtals eru þessar eignir 25,5 milljarðar kr. Við mat á eign til greiðslu lífeyris þarf að taka tillit til þeirra verðbréfa í eigu

* Leiðir II og III voru stofnaðar 1. júlí 2002. Útreikningur á ávöxtun í S-deild miðar við daglegt gengi á sjóðnum.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga hóf starfsemi á árinu 1944. Breytingar á lögum um LSR 1996, sem m.a. fólu í sér stofnun A-deildar LSR, vörðuðu einnig LH. Í A-deild LSR greiða allir hjúkrunarfræðingar sem kusu að flytja sig yfir við lagabreytinguna og þeir sem koma nýir til starfa. Út frá tölum yfir iðgjaldgreiðendur fyrir lagabreytingu má áætla að u.þ.b. 60% hjúkrunarfræðinga greiði nú til LSR og um 40% til LH.

Frá upphafi og þar til í ársbyrjun 1998 var LH í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins ásamt LSR. Í febrúar 1998 fluttu sjóðirnir starfsemi sína í eigið húsnæði að Bankastræti 7. Mikið samstarf hefur alla tíð verið með þessum tveimur lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna. Samstarf þetta hefur verið heppilegt fyrir hagsmunaaðila sjóðsins auk þess sem laungreiðendur eru í flestum tilfellum eru þeir sömu.



Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga
Ársreikningur 2002

Skýrsla stjórnar

Iðgjöld

Alls greiddu 904 sjóðfélagar iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) á árinu 2002 og fækkaði þeim um 5,7% milli ára. Í árslok áttu 3.108 sjóðfélagar skráð réttindi hjá sjóðnum. Lögbundin iðgjöld ársins ásamt réttindaflutningum og endurgreiðslum námu 222 millj. kr. og hækkuðu um 8,3% milli ára.

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn námu 1.058 millj. kr. á árinu 2002, en voru 1.397 millj. kr. árið áður. Innborganir annarra launagreiðenda í formi viðbótariðgjalda námu 46 millj. kr. á árinu 2002, en voru 39 millj. kr. árið áður.

Innborganir ríkissjóðs eru uppfærðar árlega og mynda inneign hjá sjóðnum sem kemur til frádráttar á skuldbindingum. Innborganir hans hafa engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjörs á þeim. Með aukagreiðslum til sjóðsins er ríkissjóður að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum til lengri tíma, en ríkissjóður er bakábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins ásamt öðrum launagreiðendum.

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur voru 574 millj. kr. á árinu 2002 og hækkuðu um 18,3% milli ára. Alls fengu 482 einstaklingar greiddan lífeyri hjá sjóðnum á árinu, en lífeyrisþegum fjölgaði um 4,3% milli ára. Endurgreiðslur launagreiðenda vegna lífeyrishækkana námu 270 millj. kr. á árinu og hækkuðu um 19,1% milli ára.

Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins að teknu tilliti til seldra verðbréfa námu 1,8 milljörðum kr. á árinu 2002 og skiptust þannig að 42% voru fjárfest í skuldabréfum og 58% í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum. Af fjárfestingum ársins fóru 30% til kaupa á innlendum hlutabréfum og 28% til kaupa á erlendum. Sjóðfélagalán námu 258 millj. kr. eða um 13% af nettó fjárfestingum ársins.

Ávöxtun

Hrein raunávöxtun sjóðsins, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var -2,5% á árinu 2002 samanborið við -0,7% árið áður. Lága ávöxtun sjóðsins má rekja til neikvæðrar ávöxtunar á erlendum hlutabréfum og styrkingar íslensku krónunnar. Lífeyrissjóðir eru hins vegar langtímafjárfestar og því eðlilegt að mæla árangur yfir lengra tímabil, enda geta sveiflur í ávöxtun verið mjög miklar. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu 5 ár er einungis 2,5% en sé horft til síðustu 10 ára er hún 4,3%.

Á árinu 2002 var raunávöxtun innlendra skuldabréfa sjóðsins 6,2%, innlendra hlutabréfa 15,5% og erlendra hlutabréfa -36,0% reiknað í íslenskum krónum og að teknu tilliti til gjaldmiðlaskiptasamninga. Síðustu 5 árin, eða frá því að sjóðurinn fékk heimild til fjárfestingar í hlutabréfum, hefur meðaltal raunávöxtunar innlendra skuldabréfa verið 5,9%, innlendra hlutabréfa 4,3% og erlendra hlutabréfa -5,9%. Í árslok voru hlutabréf 30% af verðbréfaeign sjóðsins, en voru 29% árið áður. Verðbréfaeign sjóðsins skiptist þannig að 84% eru í íslenskum krónum og 16% eru í erlendum gjaldmiðlum.

Rekstrarkostnaður

Á árinu 2002 nam rekstrarkostnaður LH 13,4 millj. kr. en var 10,2 millj. kr. árið áður. Hækkunin milli ára er 16,6%. Að stærstum hluta skýrist hún af vinnu sem hófst á árinu við innleiðingu á nýjum tölvukerfum fyrir sjóðinn. Sú vinna mun standa yfir næstu 2 árin. Rekstrarkostnaður nam 0,13% af eignum sjóðsins árið 2002, en var 0,12% af eignum árið á undan.

Á meðal annarra fjárfestingargjalda er nú bókfærður umsýslu- og viðskiptakostnaður vegna erlendra sérgreindra hlutabréfasafna og viðskiptakostnaður vegna innlendra hlutabréfakaupa á árinu 2002. Umsýslu- og viðskiptakostnaður á árinu 2002 nam 16,2 millj. kr., en um er að ræða kostnað sem hefur

verið innifalinn í gengi hlutabréfanna og þar með ávöxtun þeirra. Í ársreikningnum er kostnaðurinn dreginn út úr liðnum fjárfestingartekjur og hækka þær um framangreinda fjárhæð. Tilfærslan hefur engin áhrif á ávöxtun sjóðsins eða hreina eign til greiðslu lífeyris. Ekki reyndist unnt að nálgast sambærilegar tölur vegna ársins 2001. Hækkun fjárfestingargjalda á árinu 2002 má jafnframt rekja til aukins umfangs við eignaumsýslu og fjölgun starfsmanna á því sviði.

Samanlögð rekstrar- og fjárfestingargjöld voru 42,0 millj. kr., en sé horft framhjá umsýslu- og viðskiptakostnaði vegna hlutabréfa á árinu 2002 voru þau 25,8 millj. kr. og hækkuðu um 40,1% milli ára.

Tryggingafræðileg úttekt og hrein eign til greiðslu lífeyris

Skuldbindingar sjóðsins í árslok 2002 voru 29.735 millj. kr. miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir og hækkuðu um 6% á árinu. Samkvæmt útreikningi tryggingafræðinga eiga launagreiðendur að standa undir 14.986 millj. kr. af skuldbindingum sjóðsins með greiðslu lífeyrishækkana og hækkar sú fjárhæð um 7,7% milli ára. Skuldbindingar sem sjóðurinn á sjálfur að standa undir eru því 14.748 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 10.496 millj. kr., en var 9.530 millj. kr. í árslok 2001, sem er 10% hækkun milli ára. Eins og fram kom í umfjöllun um iðgjöldin hér að framan hefur ríkissjóður undanfarin 4 ár greitt aukaiðgjöld inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn. Í árslok 2002 námu uppfærðar greiðslur ríkissjóðs 4.473 millj. kr. og inneign annarra launagreiðenda 186 millj. kr.

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2002 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2003

Marianna Jónasdóttir
stjórnarformaður

Ásta Möller

Jóhannes Pálmason

Herdís Sveinsdóttir

Framkvæmdastjóri:
Haukur Hafsteinsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, sjóðstreymi og skýringar nr. 1.–18. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 30. apríl 2003

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Grétar B. Guðjónsson

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2002

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|-------|------------|-----------|
| Iðgjöld | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 82.717 | 77.055 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 138.057 | 128.318 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | 1.674 | 35 |
| Lífeyrishækkunar | | 269.668 | 226.396 |
| Innborganir launagreiðenda inn á skuldbindingar | 7 | 1.104.045 | 1.435.692 |
| Iðgjöld alls | | 1.596.161 | 1.867.497 |
| Lífeyrir | | | |
| Lífeyrir | 8 | 574.405 | 485.669 |
| Kostnaður vegna örorkumats | | 57 | 41 |
| Lífeyrir alls | | 574.462 | 485.710 |
| Fjárfestingartekjur | | | |
| Fjárfestingartekjur af hlutabréfum | 9 | (566.950) | (201.048) |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 10 | 555.152 | 861.608 |
| Breytingar á niðurfærslu | 5 | (2.000) | 0 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | 2 | 0 | (653.070) |
| Fjárfestingartekjur alls | | (13.798) | 7.490 |
| Fjárfestingargjöld | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 11.288 | 6.636 |
| Önnur fjárfestingargjöld | 6 | 17.343 | 1.603 |
| Fjárfestingargjöld alls | | 28.631 | 8.238 |
| Rekstrarkostnaður | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 12.515 | 9.378 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 897 | 826 |
| Rekstrarkostnaður alls | | 13.411 | 10.204 |
| Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar | | 965.858 | 1.370.833 |
| Matsbreytingar | | 0 | 654.483 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 965.858 | 2.025.316 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 9.530.090 | 7.504.773 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | | 10.495.948 | 9.530.090 |

Efnahagsreikningur 31. 12. 2002

Eignir

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|--|-------|-------------------|------------------|
| Fjárfestingar | | | |
| Húseign og lóð | 4,11 | 15.513 | 15.764 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 12 | 3.109.079 | 2.787.364 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 13 | 5.681.089 | 5.400.773 |
| Veðlán | 13 | 1.535.174 | 1.336.580 |
| Fjárfestingar alls | | 10.340.856 | 9.540.482 |
| Kröfur | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 14 | 77.618 | 60.949 |
| Ýmsar kröfur | 9 | 85.473 | 468 |
| Kröfur alls | | 163.091 | 61.417 |
| Aðrar eignir | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 4,11 | 2.185 | 2.112 |
| Aðrar eignir alls | | 2.185 | 2.112 |
| Eignir samtals | | 10.506.132 | 9.604.011 |
| Skuldir | | | |
| Skuldbindingar | | | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | | 2.138 | 1.602 |
| Bankar og fjármálastofnanir | | 0 | 8.701 |
| Skuldbindingar alls | | 2.138 | 10.303 |
| Viðskiptaskuldir | | | |
| Skuldabréfalán | 15 | 6.241 | 6.384 |
| Aðrar skuldir | | 626 | 985 |
| Hlaupareikningsskuld | | 1.179 | 56.248 |
| Viðskiptaskuldir alls | | 8.046 | 63.618 |
| Skuldir samtals | | 10.184 | 73.921 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | 10.495.948 | 9.530.090 |
| Eignir utan efnahagsreiknings | | | |
| Krafa á launagreiðendur skv. 20. gr. | 17,18 | 14.986.286 | 13.920.018 |

Sjóðstreymi 2002

| | 2002 | 2001 |
|---|------------------|------------------|
| Inngreiðslur | | |
| Iðgjöld | 1.579.555 | 1.856.040 |
| Fjárfestingartekjur | 470.326 | 246.539 |
| Afborganir verðbréfa | 559.688 | 566.604 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 1.091.765 | 109.864 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 213.629 | 0 |
| Inngreiðslur | 3.914.964 | 2.835.295 |
| Útgreiðslur | | |
| Lífeyrir | 574.462 | 486.364 |
| Fjárfestingargjöld | 12.962 | 6.773 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 11.933 | 8.947 |
| Lækkun skammtímaskulda | 55.069 | 0 |
| Aðrar útgreiðslur | 0 | 0 |
| Útgreiðslur | 654.426 | 502.084 |
| | | |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | 3.260.537 | 2.333.211 |
| Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting | | |
| Kauf á verðbréfum með breytilegum tekjum | 2.123.281 | 1.197.091 |
| Kauf á verðbréfum með föstum tekjum | 844.822 | 850.368 |
| Ný veðlán og útlán | 291.463 | 279.183 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 971 | 1.219 |
| Ráðstöfun alls | 3.260.537 | 2.327.862 |
| | | |
| Lækkun á handbæru fé | 0 | 5.349 |
| | | |
| Handbært fé í ársbyrjun | 0 | (5.349) |
| | | |
| Handbært fé í árslok | 0 | 0 |

Skýringar með ársreikningi 2002

Reikningsskilaaðferðir

1. Framsetning og samræmi

Ársreikningur Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga er saminn í samræmi við reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Í samræmi við breytingar á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða eru ekki lengur færð í reikningsskilin reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á efnahagsreikning og yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Í breytingunni felst að reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru ekki lengur færð í yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Einnig er endurmat rekstrarfjármuna ekki lengur fært og afskriftir þeirra því reiknaðar af framreiknuðu stofnverði eins og það stóð í lok árs 2001.

Samamburðarfjárhæðum í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris hefur ekki verið breytt, en ofangreind breyting hefur engin áhrif á hreina eign í árslok til greiðslu lífeyris.

3. Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun.

Verðtryggð verðbréf eru færð til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölu sem tók gildi 1. 1. 2003. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok 2002.

Reiknað verðmæti skuldabréfa sem keypt hafa verið með afföllum hefur verið lækkað sem nemur ótekjufærðum afföllum, en þau eru færð til tekna á afborgunartíma bréfanna.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á framreiknuðu stofnverði eins og það stóð í lok árs 2001. Kaup ársins 2002 eru færð á kostnaðarverði.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði að teknu tilliti til breytingar á reikningsskilaaðferðum eins og skýrt er hér að ofan. Afskriftir vegna kaupa ársins 2002 reiknast hlutfallslega eftir eignarhaldstíma innan ársins. Afskriftarhlutföll eru eftirfarandi: fasteign 1,5%, tölvubúnaður 30%, aðrir rekstrarfjármunir 10–15%.

5. Niðurfærslusjóður vegna skuldabréfa

Á árinu 2002 var myndaður niðurfærslusjóður vegna skuldabréfa sem kunna að tapast, en ekki er um endanlega afskrift að ræða. Framlag í sjóðinn nam 2 millj. kr. á árinu 2002.

6. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt í fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Á meðal annarra fjárfestingargjalda er nú bókfærður umsýslu- og viðskiptakostnaður vegna erlendra sérgreindra hlutabréfasafna og viðskiptakostnaður vegna innlendra hlutabréfakaupa á árinu 2002. Umsýslu- og viðskiptakostnaður á árinu 2002 nam 16,2 millj. kr., en um er að ræða kostnað sem hefur verið innifalinn í gengi hlutabréfanna og þar með ávöxtun þeirra. Í ársreikningnum er kostnaðurinn dreginn út úr liðnum fjárfestingartekjur og hækka þær um framangreinda fjárhæð. Tilfærslan hefur engin áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris. Ekki reyndist unnt að nálgast sambærilegar tölur vegna ársins 2001.

Umsýslu- og viðskiptakostnaður vegna hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum er áfram innifalinn í vaxtatekjum viðkomandi sjóða þar sem kostnaðarupplýsingar liggja ekki fyrir hjá viðkomandi vörsluaðilum.

Meðal annarra fjárfestingargjalda eru 684 þús. kr. útlagður kostnaður vegna umsýslu lána. Þessi kostnaður er endanlega greiddur af lántakendum (sjá aðrar tekjur af lánastarfsemi í skýringarlið 10).

Iðgjöld

| 7. Innborganir launagreiðenda inn á skuldbindingar | 2002 | 2001 |
|---|-----------|-----------|
| Innborganir ríkissjóðs inn á bakábyrgð vegna skuldbindinga | 1.057.949 | 1.396.554 |
| Viðbótarframlög ýmissa launagreiðenda, innborgun inn á skuldbindingar | 46.097 | 39.138 |
| | 1.104.045 | 1.435.692 |

Lífeyrir

| 8. Lífeyrisgreiðslur | 2002 | 2001 |
|--|---------|---------|
| Sundurliðun lífeyrisgreiðslna eftir tegundum lífeyris: | | |
| Ellilífeyrir | 506.645 | 425.675 |
| Örorkulífeyrir | 55.023 | 50.141 |
| Makalífeyrir | 11.660 | 8.730 |
| Barnalífeyrir | 1.076 | 1.123 |
| | 574.405 | 485.669 |

Fjárfestingartekjur

| 9. Fjárfestingartekjur af hlutabréfum sundurliðast þannig: | 2002 | 2001 |
|--|-----------|-----------|
| Af innlendum hlutabréfum | 192.307 | (25.345) |
| Af erlendum hlutabréfum | (872.334) | (167.002) |
| Af framvirkum gjaldmiðlasamningum | 113.077 | (8.701) |
| | (566.950) | (201.048) |

Gerðir hafa verið framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins og til að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðanna gagnvart gengisvog íslensku krónunnar. Heildarfjárhæð samninganna í árslok 2002 nam tæpri 631 millj. kr. Markaðsvirði samninganna í árslok var 84,8 millj. kr. og er það fært í ársreikninginn á meðal ýmissa krafna.

| 10. Vaxtatekjur og verðbætur sundurliðast þannig: | 2002 | 2001 |
|---|---------|---------|
| Af veðlánnum og innlendum skuldabréfum | 553.677 | 855.723 |
| Lántökugjöld | 2.700 | 2.918 |
| Aðrar tekjur af lánastarfsemi | 1.663 | 1.492 |
| Dráttarvextir | 2.868 | 1.838 |
| Af bankainnistæðum o.fl. | (5.756) | (364) |
| | 555.152 | 861.608 |

Fjárfestingar

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti greinast þannig:

| | Fasteign | Aðrir rekstrarfjárm. | Samtals |
|---|----------|----------------------|---------|
| Heildarverð 1. 1. 2002 | 16.754 | 3.170 | 19.923 |
| Viðbætur á árinu | 0 | 718 | 718 |
| Heildarverð 31. 12. 2002 | 16.754 | 3.888 | 20.641 |
| Afskrifað áður | 989 | 1.058 | 2.047 |
| Afskrifað á árinu | 251 | 645 | 897 |
| Afskrifað samtals | 1.241 | 1.703 | 2.943 |
| Bókfært verð 31. 12. 2002 | 15.513 | 2.185 | 17.698 |
| Afskriftarhlutföll 2002 eru eftirfarandi: | 1,5% | 10-30% | |

Bókfærð fasteign er hlutdeild Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga í skrifstofuhúsnæði Lífeyrissjóða Bankastræti 7 á 2.-4. hæð. Eignarhlutdeild Lífeyrissjóða Bankastræti 7 skv. eignaskiptasamningi um húseignina er 53,98% og er fasteignamat þess eignarhluta 69,1 millj. kr., lóðarmat 12,3 millj. kr. og brunabótamat 151 millj. kr. skv. opinberum skráum í árslok 2002. Hlutdeild Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga í fasteigninni er 10% og er samsvarandi fasteignamat 6,9 millj. kr., lóðarmat 1,2 millj. kr. og brunabótamat 15,1 millj. kr.

Eign Lífeyrissjóða Bankastræti 7 í fasteigninni skiptist þannig:

| | |
|--|-----|
| A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | 45% |
| B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | 45% |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 10% |

12. Verðbréf með breytilegum tekjum

Erlend verðbréf eftir fjárvörsluaðilum:

| Sérgreind hlutabréfasöfn: | 2002 | 2001 |
|---|------------------|------------------|
| Morgan Stanley Dean Witter | 357.216 | 810.778 |
| Dresdner RCM Global Investors | 144.098 | 201.333 |
| ACM Segregated | 128.827 | 0 |
| MFS - Institutional Advisors, Inc. | 87.735 | 0 |
| | 717.876 | 1.012.111 |
| Hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum: | | |
| Schroder International Selection Fund | 286.027 | 377.162 |
| Vanguard - Global Stock Index Inst. | 222.805 | 57.899 |
| Alliance - Global Growth Trends Port. Class A | 195.736 | 0 |
| Alliance - Global Growth Trends Portfolio | 62.496 | 499.755 |
| Templeton - Growth Fund, Inc. | 55.169 | 0 |
| Alliance - Global Value Portfolio | 15.771 | 0 |
| | 838.004 | 934.816 |
| Óskráð erlend hlutabréf og fjárfestingarfélög: | | |
| Alþjóða framtakssjóðurinn | 14.782 | 4.554 |
| GIR - Capital Investments | 4.571 | 2.596 |
| Private Opportunity Ventures | 1.660 | 1.735 |
| | 21.013 | 8.885 |
| Erlend verðbréf með breytilegum tekjum alls | 1.576.893 | 1.955.812 |

Í sérgreindu hlutabréfasöfnunum eru eingöngu hlutabréf í markaðsskráðum erlendum hlutafélögum og er eignarhluti sjóðsins í hverju félagi fyrir sig óverulegur.

Lífeyrissjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að leggja í Alþjóða framtakssjóðinn 0,5 milljónir evra og hafa 25% þegar verið greidd og í Private Opportunity Ventures sjóðinn 50 þúsund dollara og hafa 41,2% þegar verið greidd. Ógreidd fjárhæð í Alþjóða framtakssjóðinn nam 31,7 millj. kr. og 2,4 millj. kr. í Private Opportunity Ventures miðað við gengi í árslok 2002. Þessar fjárhæðir geta komið til greiðslu á næstu árum.

Innlend verðbréf:

| Hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum: | 2002 | 2001 |
|--|--------|--------|
| Fjárfestingarsjóðurinn ÍS-15 | 13.590 | 12.131 |
| VÍB, sjóður 6 | 22.273 | 17.805 |
| | 35.863 | 29.936 |

| Skráð innlend hlutabréf: | Nafnverð | Eignarhl. | | |
|-----------------------------------|----------|-----------|-----------|---------|
| Bakkavör hf. | 5.243 | 0,34% | 61.348 | 55.377 |
| Baugur hf. | 5.789 | 0,24% | 63.101 | 51.601 |
| Búnaðarbanki Íslands hf. | 8.074 | 0,15% | 37.141 | 4.150 |
| Delta hf. | 0 | - | 0 | 20.566 |
| Grandi hf. | 1.967 | 0,13% | 11.606 | 19.570 |
| Eimskipafélag hf. | 17.073 | 0,33% | 107.558 | 49.257 |
| Hampiðjan hf. | 1.569 | 0,31% | 7.608 | 0 |
| Húsasmiðjan hf. | 0 | - | 0 | 12.359 |
| Íslandsbanki hf. | 51.471 | 0,51% | 243.971 | 117.454 |
| Íslandssími hf. | 840 | 0,03% | 1.789 | 1.344 |
| Íslenska járnblendifélagið hf. | 873 | 0,08% | 655 | 655 |
| Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. | 14.961 | 1,06% | 20.946 | 6.043 |
| Íslenskir aðalverktakar hf. | 111 | 0,01% | 388 | 239 |
| Jarðboranir hf. | 1.716 | 0,66% | 12.270 | 9.861 |
| Kaupþing banki hf. | 984 | 0,46% | 127.868 | 31.582 |
| Kögun hf. | 569 | 0,63% | 15.992 | 6.694 |
| Landsbanki Íslands hf. | 38.073 | 0,56% | 138.965 | 70.214 |
| Landssíminn hf. | 600 | 0,01% | 3.450 | 3.780 |
| Marel hf. | 2.587 | 1,08% | 45.021 | 23.271 |
| Nýherji hf. | 0 | - | 0 | 7.485 |
| Opin kerfi hf. | 1.668 | 0,70% | 33.356 | 14.043 |
| Pharmaco hf. | 1.916 | 0,32% | 141.769 | 57.200 |
| Samherji hf. | 10.102 | 0,61% | 101.022 | 37.864 |
| SÍF hf. | 0 | - | 0 | 6.756 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 3.239 | 0,55% | 85.831 | 19.377 |
| Skýrr hf. | 1.569 | 0,60% | 8.710 | 6.675 |
| SR-Mjöl hf. | 963 | 0,08% | 3.263 | 6.583 |
| Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf. | 7.630 | 0,51% | 37.386 | 17.762 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 2.734 | 0,29% | 28.984 | 0 |
| VÍS hf. | 300 | 0,06% | 6.960 | 0 |
| Þormóður-Rammi Sæberg hf. | 0 | - | 0 | 14.624 |
| Þróunarfélag Íslands hf. | 12.798 | 0,52% | 20.606 | 27.252 |
| Össur hf. | 1.819 | 0,55% | 98.249 | 63.908 |
| | | | 1.465.814 | 763.542 |

Innlend verðbréf, framhald:

| Óskráð innlend hlutabréf | Nafnverð | Eignarhl. | 2002 | 2001 |
|--|----------|-----------|------------------|------------------|
| Eign.h.fél. lífey.sj. verðbr.þing ehf. | 61 | 1,21% | 61 | 61 |
| EJS hf. | 381 | 0,10% | 952 | 8.518 |
| Kaupás hf. | 3.715 | 0,49% | 18.506 | 18.506 |
| Strengur hf. | 365 | 1,48% | 10.990 | 10.990 |
| | | | 30.509 | 38.075 |
| Innlend verðbréf með breytilegum tekjum alls | | | 1.532.186 | 831.552 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum alls | | | 3.109.079 | 2.787.364 |

Þau hlutabréf sem skráð eru á opinberum markaði eru metin á markaðsverði í árslok 2002.

13. Verðbréf með föstum tekjum og veðlán

Verðbréf með föstum tekjum og veðlán greinast þannig:

| | 2002 | % | 2001 | % |
|------------------|-----------|---------|-----------|---------|
| Veðskuldabréf | 1.535.174 | 21,27% | 1.336.580 | 19,84% |
| Ríkistryggð bréf | 3.791.140 | 52,54% | 3.673.874 | 54,53% |
| Sveitarfélög | 383.163 | 5,31% | 365.367 | 5,42% |
| Lánastofnanir | 1.137.107 | 15,76% | 1.085.433 | 16,11% |
| Fyrirtæki | 369.679 | 5,12% | 276.099 | 4,10% |
| | 7.216.263 | 100,00% | 6.737.353 | 100,00% |

Áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum nam 7.222 millj. kr. í árslok 2002.

Veðskuldabréf í árslok 2002 alls að fjárhæð 1.535 millj. kr. eru annars vegar veðlán til sjóðfélaga 1.504 millj. kr. og hins vegar önnur veðskuldabréf 31 millj. kr.

Sundurliðun verðbréfa með föstum tekjum og veðlána eftir formi verðtryggingar:

| | 2002 | 2001 |
|--|-----------|-----------|
| Verðtryggð lánskjaravísitala/neysliverðsvísitala | 7.174.077 | 5.543.107 |
| Gengistryggt | 42.187 | 58.474 |
| | 7.216.263 | 5.604.136 |

Kröfur

14. Kröfur á launagreiðendur

| | | |
|---|-------------|-------------|
| Kröfur á launagreiðendur skiptast þannig: | 2002 | 2001 |
| Kröfur vegna lífeyrishækkana | 70.600 | 54.213 |
| Áætluð óinnheimt iðgjöld í árslok | 5.317 | 6.634 |
| Vangreidd iðgjöld | 1.702 | 102 |
| | <hr/> | <hr/> |
| | 77.618 | 60.949 |

Viðskiptaskuldir

15. Skuldabréfalán

Skuldabréfalánið eru eftirstöðvar og áfallnir vextir af skuldabréfi frá árinu 1997 vegna kaupa á fasteigninni að Bankastræti 7. Það er jafngreiðslulán, upphaflega til 20 ára, verðtryggt með vísitölu neyslurverðs til verðtryggingar, með 5,1% fasta vexti og tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni.

| | |
|--|-------|
| Afborganir af langtímaskuldum sjóðsins í árslok 2002 greinast þannig á næstu ár: | |
| Árið 2003 | 285 |
| Árið 2004 | 300 |
| Árið 2005 | 316 |
| Árið 2006 | 332 |
| Árið 2007 | 349 |
| Síðar | 4.658 |
| | <hr/> |
| | 6.241 |

Starfsmannamál

16. Launakostnaður og fjöldi starfsmanna

Hlutdeild sjóðsins í heildarlaunakostnaði Lífeyrissjóða Bankastræti 7 nam 11,5 millj. kr. árið 2002. Hann skiptist þannig að heildarlaun voru 9,8 millj. kr. og launatengd gjöld 1,7 millj. kr. Af þeirri fjárhæð voru laun stjórnar og framkvæmdastjóra 1,9 millj. kr., en stjórnarmenn eru 4 talsins. Stöðugildi hjá Lífeyrissjóðum Bankastræti 7 voru 30,2 á árinu 2002 og hlutdeild sjóðsins metin 2,6 stöðugildi.

Tryggingafræðileg úttekt

17. Tryggingafræðileg úttekt

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2002, miðað er við 2% ávöxtun umfram launahækkunarir.

Samkvæmt útreikningi Talnakönnunar hf. er áfallin skuldbinding sjóðsins 29.735 millj. kr. og eiga launagreiðendur að standa undir 14.986 millj. kr. af þeirri fjárhæð með greiðslu lífeyrishækkana, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um sjóðinn nr. 2/1997. Skuldbindingar sem sjóðurinn á sjálfur að standa undir eru því 14.748 millj. kr. Eignir sjóðsins skv. efnahagsreikningi eru 10.496 millj. kr., en það sem á vantar, eða 4.252 millj. kr., er á ábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda sem greiða iðgjöld til sjóðsins skv. 18. gr. laga hans.

Helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar eru að öðru leyti þessar:

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar- skuldbinding | Heildar- skuldbinding |
|----------------------------------|-------------------------|----------------------------|--------------------------|
| Eignir: | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 10.495.948 | 0 | 10.495.948 |
| Núvirði verðbréfa | 1.248.806 | 0 | 1.248.806 |
| Fjárfestingargjöld | (291.663) | 0 | (291.663) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 2.046.775 | 2.046.775 |
| Eignir samtals | 11.453.091 | 2.046.775 | 13.499.867 |
| Skuldbindingar: | | | |
| Ellilífeyrir | 25.751.381 | 4.606.016 | 30.357.397 |
| Örorkulífeyrir | 1.200.114 | 123.377 | 1.323.491 |
| Makalífeyrir | 2.556.201 | 503.140 | 3.059.341 |
| Barnalífeyrir | 5.649 | 0 | 5.649 |
| Rekstrarkostnaður | 221.350 | 93.223 | 314.573 |
| Skuldbindingar samtals | 29.734.695 | 5.325.756 | 35.060.451 |
| Eignir umfram skuldbindingar | (18.281.604) | (3.278.980) | (21.560.584) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | -61,5% | -61,6% | -61,5% |

Áfallin skuldbinding hækkar úr 28.065 millj. kr. í 29.735 millj. kr. sem er 6% hækkun milli ára. Heildarskuldbinding sjóðsins hækkar milli ára úr 33.404 millj. kr. í 35.060 millj. kr. eða um 5%.

Lífeyrisréttindi í sjóðnum eru reiknuð sem hlutfall af dagvinnulaunum sjóðfélaga og þegar launin hækka, þá hækkar skuldbinding sjóðsins í sama hlutfalli. Almennt er tekið tillit til þessa í tryggingafræðilegum forsendum og er því venjulega miðað við dagvinnulaun í lok hvers úttektarárs.

18. Ábyrgð launagreiðenda og ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum:

Utan efnahagsreiknings er getið um skuldbindingar launagreiðenda vegna lífeyrishækkana samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um lífeyrissjóðinn nr. 2/1997. Samkvæmt útreikningi Talnakönnunar hf. voru ógreidd framlög launagreiðenda vegna lífeyrishækkana metin 14.986 millj. kr. í árslok 2002. Þessar skuldbindingar voru metnar 13.920 millj. kr. í árslok 2001. Hækkunin milli árána 2001 og 2002 er því 1.066 millj. kr. eða 7,7%.

Kennitölur

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|--|--------|--------|--------|--------|--------|
| Ávöxtun | | | | | |
| Raunávöxtun | -2,38% | -0,59% | 0,82% | 9,26% | 6,68% |
| Hrein raunávöxtun | -2,51% | -0,71% | 0,71% | 9,08% | 6,52% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 2,52% | 4,24% | 5,53% | 6,70% | 6,18% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 4,31% | 5,51% | 6,12% | 6,63% | 5,32% |
| Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 29,6% | 28,8% | 24,9% | 18,5% | 8,0% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 49,0% | 50,7% | 52,6% | 56,3% | 62,5% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 0,5% | 0,5% | 0,4% | 0,0% | 0,0% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 6,0% | 6,0% | 8,0% | 9,7% | 10,3% |
| Veðlán | 14,9% | 14,0% | 14,1% | 15,5% | 19,2% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 84,3% | 78,9% | 78,8% | 82,0% | 90,5% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals | 15,7% | 21,1% | 21,2% | 18,0% | 9,5% |
| Rekstrarkostnaður | | | | | |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,13% | 0,12% | 0,12% | 0,16% | 0,16% |
| Fjöldatalningar | | | | | |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 858 | 902 | 958 | 1.007 | 1.092 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 451 | 428 | 410 | 378 | 356 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris | | | | | |
| Ellilífeyrir | 88,2% | 87,6% | 88,2% | 86,3% | 86,4% |
| Örorkulífeyrir | 9,6% | 10,3% | 10,0% | 11,6% | 11,1% |
| Makalífeyrir | 2,0% | 1,8% | 1,5% | 1,6% | 1,4% |
| Barnalífeyrir | 0,2% | 0,2% | 0,3% | 0,5% | 1,1% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt | | | | | |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar % | -61,5% | -62,4% | -65,1% | -65,1% | -69,9% |
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar % | -61,5% | -62,6% | -67,0% | -67,5% | -73,3% |

Total net assets of LSR available for benefits amounted to ISK 116.126 billion at the end of 2002 which makes LSR the biggest pension fund in Iceland. Total net assets of LSR & LH amounted to ISK 126.622 billion at the end of 2002, an increase of 15% from the previous year. Total net assets of LSR & LH at the end of 2002 amounted to USD 1.571 billion. Total net assets available for benefits of all 56 pension funds in Iceland are estimated ISK 678.777 billion at the end of 2002, making the share of LSR & LH 18,7%.



Consolidated statement 2002
The Pension Fund For State Employees (LSR)
The Pension Fund For Nurses (LH)

Statement of changes in net assets available for benefits 2002

| | LSR | LH | Total LSR & LH |
|---|--------------------|-------------------|--------------------|
| Contributions | | | |
| Participant contributions | 2.925.534 | 82.717 | 3.008.251 |
| Employer contributions | 6.449.863 | 138.057 | 6.587.920 |
| Transfer of rights and refunds | (13.816) | 1.674 | (12.142) |
| Increase in pension payments | 4.133.107 | 269.668 | 4.402.775 |
| Liquidated pension commitments | 407.432 | 0 | 407.432 |
| Employers commitments deposits | 9.944.005 | 1.104.045 | 11.048.050 |
| Contributions | 23.846.124 | 1.596.161 | 25.442.285 |
| Benefits | | | |
| Benefits | 9.141.003 | 574.405 | 9.715.408 |
| Cost of disability assessments | 1.326 | 57 | 1.383 |
| Benefits | 9.142.329 | 574.462 | 9.716.791 |
| Financial income | | | |
| Capital gains on equity shares | (5.547.235) | (566.950) | (6.114.185) |
| Interest and indexation | 6.630.706 | 555.152 | 7.185.858 |
| Provision for losses | (13.918) | (2.000) | (15.918) |
| Financial income | 1.069.554 | (13.798) | 1.055.756 |
| Financial expenses | | | |
| Financial administration expenses | 112.593 | 11.288 | 123.881 |
| Other financial expenses | 176.563 | 17.343 | 193.906 |
| Financial expenses | 289.155 | 28.631 | 317.786 |
| Operating expenses | | | |
| Office and administrative expenses | 130.712 | 12.515 | 143.227 |
| Other operating expense | 8.070 | 897 | 8.967 |
| Operating expenses | 138.782 | 13.411 | 152.193 |
| Increase in net assets over the year | 15.345.411 | 965.858 | 16.311.269 |
| Net assets from previous year | 100.780.542 | 9.530.090 | 110.310.632 |
| Net assets available for benefits | 116.125.953 | 10.495.948 | 126.621.901 |

Balance sheet 31. 12. 2002

| Assets | LSR | LH | Total LSR & LH |
|---|-------------|------------|---------------------------|
| Investments | | | |
| Real estate | 139.615 | 15.513 | 155.128 |
| Variable-income securities | 29.348.048 | 3.109.079 | 32.457.127 |
| Fixed-income securities | 60.564.258 | 5.681.089 | 66.245.347 |
| Mortgage loans | 24.240.689 | 1.535.174 | 25.775.863 |
| Other investments | 90.175 | 0 | 90.175 |
| Investments | 114.382.786 | 10.340.856 | 124.723.642 |
| Claims | | | |
| Claims on employers | 490.560 | 77.618 | 568.178 |
| Other claims | 802.419 | 85.473 | 887.892 |
| Claims | 1.292.979 | 163.091 | 1.456.070 |
| Other assets | | | |
| Operating assets and other tangible assets | 19.664 | 2.185 | 21.849 |
| Cash on hand and deposits | 794.342 | 0 | 794.342 |
| Other assets | 814.006 | 2.185 | 816.191 |
| Assets | 116.489.770 | 10.506.132 | 126.995.902 |
| Liabilities | | | |
| Commitments | | | |
| Accrued pension commitments | 23.454 | 2.138 | 25.592 |
| Commitments | 23.454 | 2.138 | 25.592 |
| Liabilities | | | |
| Liabilities to credit institutions | 56.168 | 6.241 | 62.409 |
| Other liabilities | 284.196 | 1.805 | 286.001 |
| Liabilities | 340.363 | 8.046 | 348.409 |
| Liabilities | 363.818 | 10.184 | 374.002 |
| Net assets available for benefits | 116.125.953 | 10.495.948 | 126.621.901 |
| Assets excluded in the Balance sheet | | | |
| Claim on employers, art. 33/20 | 133.833.268 | 14.986.286 | 148.819.554 |

Statement of cash flows 2002

| | LSR | LH | Total LSR & LH |
|--|-------------------|------------------|-------------------|
| Inflow | | | |
| Contributions | 23.778.232 | 1.579.555 | 25.357.787 |
| Financial income | 5.415.796 | 470.326 | 5.886.122 |
| Bond payments | 3.807.795 | 559.688 | 4.367.483 |
| Sale of variable-income bonds | 11.952.110 | 1.091.765 | 13.043.875 |
| Sale of fixed-income bonds | 4.258.832 | 213.629 | 4.472.461 |
| Inflow | 49.212.765 | 3.914.964 | 53.127.729 |
| Outflow | | | |
| Benefits | 9.132.368 | 574.462 | 9.706.830 |
| Financial expenses | 122.358 | 12.962 | 135.320 |
| Operating costs excluding depreciation | 98.811 | 11.933 | 110.744 |
| Other outflow | 1.904 | 55.069 | 56.973 |
| Outflow | 9.355.441 | 654.426 | 10.009.867 |
| Disposable resources for purchase of securities and other investments | 39.857.324 | 3.260.537 | 43.117.861 |
| Purchase of securities and other investments | | | |
| Purchase of variable-income bonds | 21.724.270 | 2.123.281 | 23.847.551 |
| Purchase of fixed-income bonds | 13.400.938 | 844.822 | 14.245.760 |
| New mortgage loans and other loans | 4.529.357 | 291.463 | 4.820.820 |
| Other investments | 14.157 | 971 | 15.128 |
| Total disposal | 39.668.723 | 3.260.537 | 42.929.260 |
| Increase (decrease) in cash and bank deposits | 188.601 | 0 | 188.601 |
| Cash and bank deposits at beginning of year | 605.741 | 0 | 605.741 |
| Cash and bank deposits at year-end | 794.342 | 0 | 794.342 |

Financial indicators - LSR

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|--------|--------|--------|--------|--------|
| Yield | | | | | |
| Nominal yield | 0,72% | 8,77% | 5,85% | 14,51% | 7,22% |
| Real yield | -1,26% | 0,15% | 1,60% | 8,63% | 6,10% |
| Net real yield | -1,38% | 0,01% | 1,46% | 8,43% | 5,88% |
| Average net real yield over last 5 years | 2,81% | 4,20% | 5,10% | 6,01% | 5,55% |
| Average net real yield over last 10 years | 4,12% | 4,90% | 5,56% | 5,63% | 4,67% |
| Apportionment of other investments | | | | | |
| Listed variable-income securities | 25,3% | 26,0% | 21,8% | 15,6% | 6,0% |
| Listed fixed-income securities | 49,2% | 50,1% | 54,4% | 60,5% | 63,0% |
| Unlisted variable-income securities | 0,4% | 0,5% | 0,3% | 0,0% | 0,0% |
| Unlisted fixed-income securities | 3,8% | 2,6% | 3,3% | 4,3% | 4,7% |
| Mortgage loans | 21,2% | 20,9% | 20,2% | 19,7% | 26,3% |
| Other investments | 0,1% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Total | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Apportionment of other investments by currency | | | | | |
| Assets in Icelandic kronas | 86,5% | 80,9% | 81,8% | 85,1% | 92,7% |
| Assets in foreign currencies | 13,5% | 19,1% | 18,2% | 14,9% | 7,3% |
| Financial expenses | | | | | |
| Apportionment of financial expenses of assets | 0,13% | 0,14% | 0,13% | 0,19% | 0,21% |
| Numbers | | | | | |
| Average number of active members | 26.357 | 24.523 | 24.000 | 23.404 | 22.520 |
| Average number of pensioners | 8.375 | 7.929 | 7.651 | 6.999 | 6.520 |
| Breakdown of pension payments by type | | | | | |
| Old-age pensions | 71,9% | 71,6% | 72,5% | 70,6% | 70,4% |
| Disability allowance | 4,7% | 4,4% | 4,3% | 3,6% | 3,6% |
| Spouse's pension | 23,2% | 23,9% | 23,0% | 25,5% | 25,7% |
| Children's allowance | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,4% | 0,4% |
| Total | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Financial indicators - LH

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|--------|--------|--------|--------|--------|
| Yield | | | | | |
| Nominal yield | -0,42% | 7,96% | 5,03% | 15,38% | 8,03% |
| Real yield | -2,38% | -0,59% | 0,82% | 9,26% | 6,68% |
| Net real yield | -2,51% | -0,71% | 0,71% | 9,08% | 6,52% |
| Average net real yield over last 5 years | 2,52% | 4,24% | 5,53% | 6,70% | 6,18% |
| Average net real yield over last 10 years | 4,31% | 5,51% | 6,12% | 6,63% | 5,32% |
| Apportionment of other investments | | | | | |
| Listed variable-income securities | 29,6% | 28,8% | 24,9% | 18,5% | 8,0% |
| Listed fixed-income securities | 49,0% | 50,7% | 52,6% | 56,3% | 62,5% |
| Unlisted variable-income securities | 0,5% | 0,5% | 0,4% | 0,0% | 0,0% |
| Unlisted fixed-income securities | 6,0% | 6,0% | 8,0% | 9,7% | 10,3% |
| Mortgage loans | 14,9% | 14,0% | 14,1% | 15,5% | 19,2% |
| Total | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Apportionment of other investments by currency | | | | | |
| Assets in Icelandic kronas | 84,3% | 78,9% | 78,8% | 82,0% | 90,5% |
| Assets in foreign currencies | 15,7% | 21,1% | 21,2% | 18,0% | 9,5% |
| Financial expenses | | | | | |
| Apportionment of financial expenses of assets | 0,13% | 0,12% | 0,12% | 0,16% | 0,16% |
| Numbers | | | | | |
| Average number of active members | 858 | 902 | 958 | 1.007 | 1.092 |
| Average number of pensioners | 451 | 428 | 410 | 378 | 356 |
| Breakdown of pension payments by type | | | | | |
| Old-age pensions | 88,2% | 87,6% | 88,2% | 86,3% | 86,4% |
| Disability allowance | 9,6% | 10,3% | 10,0% | 11,6% | 11,1% |
| Spouse's pension | 2,0% | 1,8% | 1,5% | 1,6% | 1,4% |
| Children's allowance | 0,2% | 0,2% | 0,3% | 0,5% | 1,1% |
| Total | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

**The Pension Fund for State Employees
and the Pension Fund for Nurses**

The principal role of the Pension Fund for State Employees (LSR) is to pay pensions to its members upon retirement and throughout their lives and ensure their families with a pension following a loss of income due to an impaired ability to work or due to death. The Fund receives contributions and invests them in a common fund in order to meet its liability regarding old-age pensions, disability benefits, spouses' and children's benefits. Furthermore, the Fund grants loans to Fund members and accepts and invests voluntary pension savings.

Based on assets, the Pension Fund for State Employees is the largest pension fund in the country. The Fund had a total of 34,732 active members in 2002 and 9,982 members received pensions and other benefits. The Fund pays one-third of all pensions and benefits paid by Icelandic pension funds.

The Fund operates in five divisions, divisions A and B, a division for members of Parliament (Althingi), a division for government ministers and a division for individual retirement accounts. All divisions operate under the same Board but are financially separate from each other. The Pension Fund for State Employees operates in close co-operation with the Pension Fund for Nurses. The two funds share facilities and staff members.

